

Pállina Árnadóttir  
Dags: 2020-04-21 15:42:40 GMT  
Kt: 2910734419



# Lifeyrissjóður Rangæinga

## Ársreikningur 2019

Lifeyrissjóður Rangæinga  
Suðurlandsvegi 3  
850 Hella

Kennitala: 660472-0299

## EFNISYFIRLIT

---

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	5
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lifeyris.....	7
Efnahagsreikningur.....	8
Yfirlit um sjóðstreymi.....	9
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu .....	10
Skyringar.....	11
Kennitölur - Fimm ára yfirlit.....	28
Ófjárhagslegar upplýsingar.....	30
Fjárfestingarstefna Lifeyrissjóðs Rangæinga 2020 - Útdráttur.....	31
Stjórnarháttayfirlýsing.....	32

# SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

## Meginstarfsemi sjóðsins

Lífeyrissjóður Rangæinga starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Meginstarfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs. Sjóðurinn er aðili að "Samkomulagi um skiptingu örorkuáhættu lífeyrissjóða" sem Landsbankinn hf. hefur umsjón með. Tilgangur þessa samkomulags er að uppfylla ákvæði framangreindra laga um áhættudreifingu hjá sjóðnum og tekur mið af fjölda sjóðfélaga sem þarf að lágmarki vera 800 samkvæmt lögum. Fjöldi sjóðfélaga hjá sjóðnum hefur um nokkura ára skeið verið hærri en lágmarkið, stjórn hefur þó metið það svo að rétt sé að viðhalda aðild að samkomulaginu. Frá og með 1. júlí 2017 er í gildi heimild til launþega á samningssviði ASÍ og SA um að ráðstafa hluta af iðgjaldi í lífeyrissjóð til öflunar réttinda í séreign, nánar tiltekið tilgreinda séreign til auðkenningar. Lífeyrissjóður Rangæinga er með samstarfssamning við Frjálsa lífeyrissjóðinn um að þjónusta þá sjóðfélaga Lífeyrissjóðs Rangæinga sem kjósa að ráðstafa hluta iðgjalds í tilgreinda séreign.

## Starfsemin á árinu

Alls greiddu að meðaltali 1.150 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu. Iðgjöld námu alls um 860,1 milljón kr. og hækkuðu um 12,5% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu um 315,8 milljónum kr. og hækkuðu um 10,8% frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru 767 að meðaltali á árinu og í árslok 2019 áttu 11.163 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum. Þóknarir til stjórnar og endurskoðunarnefndar námu 6,4 milljónum kr. á árinu 2019.

Raunávöxtun á eignum lífeyrissjóðsins var 7,72% á árinu samanborið við 2,56% raunávöxtun 2018 og miðað við samræmda matsaðferð. Eignir sjóðsins í erlendri mynt hafa aukist nokkuð á árinu og eru nú 19,36% af heildareignum sjóðsins, en voru 13,36% á árinu 2018. Eftir að gjaldeyrishöftum var aflétt markaði stjórn þá stefnu að auka vægi erlendra eigna í sínu eignasafni með jöfnum skrefum. Hefur þeirri stefnu verið framfylgt á árinu 2019.

Eignasafn sjóðsins stendur traustum fótum. Verðbréfaeign sjóðsins er að mestu í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins, í dreifðu safni innlendra og erlendra hlutabréfa og í innlánum.

Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrararángri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

## Hrein eign

Hrein eign sjóðsins nam í árslok 2019 14.277 milljónum kr. og hefur hækkað á árinu úr 12.390 milljónum kr. eða um 1.886 milljónir kr.

## Fjárhagsleg áhættustjórnun

Lífeyrissjóður Rangæinga er með samning við Arion banka um rekstur og eignastýringu sjóðsins. Rekstur sjóðsins hefur verið nú um sjó ára skeið, undir þessum formerkjum. Rekstrarsamningur var uppfærður og endurnýjaður nú á miðju ári 2019. Enginn starfsmaður var hjá sjóðnum á árinu. Framkvæmdastjóri sjóðsins er starfsmaður Arion banka. Arion banki leitast við að annast ávöxtun fjármuna sjóðsins með sem hagkvæmustum hætti og virkri eignastýringu. Stjórn sjóðsins hefur haft eftirlit með ráðstöfun eigna sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar.

Ársreikningurinn er í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Í ársreikningi þessum er miðað við þá meginreglu að eignir sjóðsins skuli metnar á gangvirði. Framsetning upplýsinga í ársreikningnum er sömuleiðis í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Stjórn hefur útbúið stjórnarháttayfirlýsingu fyrir árið 2019 sem er birt hér aftar í ársreikningum en henni er ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum og uppfylla kröfur í reglum um ársreikninga lífeyrissjóða. Sömuleiðis, í samræmi við lög um ársreikninga, birtir sjóðurinn ófjárhagslegar upplýsingar hér aftar í ársreikningum.

# SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

---

## Áhrif COVID-19, atburðir eftir reikningsskiladag

Á fyrsta ársfjórðungi 2020 hefur útbreiðsla kórónuveirunnar COVID-19 geisað um heiminn og haft veruleg samfélags- og efnahagsleg áhrif í för með sér. Stjórnvöld og Seðlabanki Íslands hafa gripið til umfangsmikilla aðgerða til að bregðast við efnahagsáhrifum vegna COVID-19 með það að leiðarljósi að verja grunnstoðir samfélagsins og vernda afkomu fólks og fyrirtækja. Lifeyriskerfið er hér eigi undanskilið og voru lifeyrissjóðir landsins fljótir að leggja hönd á plög. Lifeyrissjóðirnir skrifuðu til dæmis undir hvatningaryfirlýsingu Landssamtaka Lifeyrissjóða, um að halda að sér höndum varðandi gjaldeyriskaup á öðrum ársfjórðungi 2020, og samkomulag lifeyrissjóða og fjármálafyrirtækja um tímabundna greiðslufresti á lánum. Til viðbótar er hluti af efnahagsaðgerðum stjórnvalda heimild til úttektar séreignarsparnaðar, þ.e fyrirframgreiðsla viðbótarsparnaðar.

Sveiflur hafa almennt einkennt þróun eignaverðs á fjármálamörkuðum á fyrsta ársfjórðungi eftir því sem fjárfestar hafa keppst við að meta efnahagsleg áhrif COVID-19. Ávöxtun Lifeyrissjóðs Rangæinga hefur þar af leiðandi sveiflast tölувert frá áramótum. Ljóst er að til skamms tíma má búast við áframhaldandi sveiflum á fjármálamörkuðum, líklega þar til mat á beinum og óbeinum áhrifum kórónuveirunnar verða komin betur í ljós. Viðbúið er að þær sveiflur muni hafa áhrif á Lifeyrissjóð Rangæinga sem og lifeyriskerfið í heild sinni. Stjórn Lifeyrissjóðs Rangæinga vill áréttu mikilvægi áhættudreifingar sem er grunnþáttur í eignasöfnum þar sem fjárfestingartími er langur. Lifeyrissparnaður er í eðli sínu langtíma sparnaður og getur ávöxtun verið sveiflukennd þegar til skemmri tíma er litið en þegar horft er til lengri tíma jafnast sveiflurnar að miklu leyti út.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lifeyrissjóðs Rangæinga staðfesta hér með ársreikning þennan með undirskrift sinni.

Ársreikningur Lifeyrissjóðs Rangæinga fyrir árið 2019 er rafrænt undirritaður af stjórn.

Hellu, 21. apríl 2020

Í stjórn Lifeyrissjóðs Rangæinga

Heimir Hafsteinsson, stjórnarformaður

Eydís Þ. Indriðadóttir

Óskar Pálsson

Guðrún Elín Pálsdóttir

Framkvæmdastjóri

Þróstur Sigurðsson

# ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

## Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs Rangæinga

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs Rangæinga fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lifeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign lífeyrissjóðsins á árinu 2019, efnahag hans 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019 í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Lífeyrissjóði Rangæinga í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar, ófjárhagslegar upplýsingar, fjárfestingarstefnu og stjórnarháttayfirlýsingu.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Lífeyrissjóðs Rangæinga. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

# ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

---

## Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegi skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarnarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemduum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarfum við að víkja frá fyrirvara lausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarnarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Ársreikningur Lífeyrissjóðs Rangæinga fyrir árið 2019 er rafrænt undirritaður af endurskoðenda.

Kópavogi, 21. apríl 2020

**Deloitte ehf.**

Pálína Árnadóttir  
endurkoðandi

## YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRIÐ 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Iðgjöld</b>	1.4;2		
Iðgjöld sjóðfélaga .....		216.259	201.570
Iðgjöld launagreiðenda .....		610.892	527.085
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		(1.912)	(1.532)
		825.239	727.123
Sérstök aukaframlög .....	2.1	34.822	37.181
		860.061	764.304
<b>Lífeyrir</b>	1.5;3		
Heildarfjárhæð lífeyris .....	3.1	318.527	287.608
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs .....	3.2	5.255	4.959
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris .....	3.3	919	1.978
Tryggingakostnaður .....	3.4	(8.936)	(9.537)
		315.765	285.008
<b>Hreinar fjárfestingartekjur</b>	1.6;4		
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum .....	4.1-2	791.418	66.975
Hreinar tekjur af skuldabréfum .....	4.3-4	600.179	620.352
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum .....		12.741	14.695
Aðrar fjárfestingartekjur:			
Vaxtatekjur af handbæru fé .....		18.493	49.493
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum .....		3.158	2.520
Ýmsar fjárfestingartekjur .....		0	59
Fjárfestingargjöld .....	4.5-7	(47.195)	(41.201)
		1.378.794	712.893
<b>Rekstrarkostnaður</b>	1.7;5		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	5.1	36.741	36.667
		36.741	36.667
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris .....		1.886.349	1.155.522
Hrein eign frá fyrra ári .....		12.390.194	11.234.672
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....		14.276.543	12.390.194

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2019

	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fjárfestingar</b>	1.8;6		
Eignarhlutar í félögum og sjóðum .....	6.1	4.902.506	3.571.687
Skuldabréf .....	6.2	8.590.924	7.843.214
Bundnar bankainnstæður .....		292.960	280.218
		<u>13.786.390</u>	<u>11.695.119</u>
<b>Kröfur</b>	1.9;7		
Kröfur á launagreiðendur .....	7.1	100.267	104.571
Aðrar kröfur .....	7.1	25.194	11.205
		<u>125.461</u>	<u>115.776</u>
<b>Ýmsar eignir</b>	1.10;8		
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	8.1	144	178
		<u>144</u>	<u>178</u>
<b>Handbært fé</b>	1.11		
Handbært fé .....		<u>399.173</u>	<u>615.995</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<b>14.311.168</b>	<b>12.427.068</b>
<b>Skuldir</b>			
<b>Viðskiptaskuldir</b>	1.12		
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur .....		<u>34.625</u>	<u>36.874</u>
		<u>34.625</u>	<u>36.874</u>
	<b>Skuldir samtals</b>	<b>34.625</b>	<b>36.874</b>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris .....		<u>14.276.543</u>	<u>12.390.194</u>
<b>Skuldbindingar utan efnahags</b>	9.5		

# YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2019

	Skyr.	2019	2018
<b>Inngreiðslur</b>			
Iðgjöld .....	860.821	742.846	
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum .....	6.037	8.585	
Aðrar inngreiðslur .....	22.804	21.933	
	<hr/> 889.662	<hr/> 773.364	
<b>Útgreiðslur</b>			
Lífeyrir .....	327.498	293.924	
Rekstrarkostnaður .....	37.671	40.320	
Aðrar útgreiðslur .....	47.195	43.665	
	<hr/> 412.364	<hr/> 377.909	
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga .....	<hr/> 477.298	<hr/> 395.455	
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum .....	26.218	83.657	
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	(1.437.868)	(920.184)	
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	865.315	547.376	
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa .....	594.720	562.361	
Keypt skuldabréf .....	(1.426.946)	(1.371.009)	
Seld skuldabréf .....	684.696	822.126	
Ný bundin innlán .....	(12.741)	(14.695)	
	<hr/> (706.606)	<hr/> (290.368)	
Hækkun/(lækkun) á handbæru fé .....	(229.308)	105.087	
Gengismunur af handbæru fé .....	12.486	40.915	
Handbært fé í upphafi árs .....	615.995	469.993	
Handbært fé í lok árs .....	<hr/> 399.173	<hr/> 615.995	

# YFIRLIT UM TRYGGINGAFRÆÐILEGA STÖÐU SAMTRYGGINGARDEILDAR 31. DESEMBER 2019

## TRYGGINGAFRÆÐILEG STÁÐA

9.1	Skýr	31.12.2019		
		Áfallin skuldbinding	Framtíðar-skuldbinding	Heildar-skuldbinding
Eignir:				
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....	14.276.543	0	14.276.543	
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldbréfa .....	(1.096.574)	0	(1.096.574)	
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa .....	(116.669)	0	(116.669)	
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar .....	0	0	0	
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar .....	(562.513)	(1.228.541)	(1.791.054)	
Núvirði framtíðariðgjalda .....	0	14.240.484	14.240.484	
Eignir samtals .....	12.500.787	13.011.943	25.512.730	
Skuldbindingar:				
Ellilifeyrir .....	10.401.326	10.104.276	20.505.602	
Örorkulifeyrir .....	1.575.083	2.316.262	3.891.345	
Makalifeyrir .....	478.292	405.348	883.640	
Barnalifeyrir .....	9.376	155.442	164.818	
Skuldbindingar samtals .....	12.464.077	12.981.328	25.445.405	
Eignir umfram skuldbindingar .....	36.710	30.615	67.325	
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok .....	0,3%	0,2%	0,3%	
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun .....	(2,6%)	(1,0%)	(1,8%)	

## Eignir:

Hrein eign til greiðslu lífeyris .....	
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldbréfa .....	
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa .....	
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar .....	
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar .....	
Núvirði framtíðariðgjalda .....	
Eignir samtals .....	

## Skuldbindingar:

Ellilifeyrir .....	
Örorkulifeyrir .....	
Makalifeyrir .....	
Barnalifeyrir .....	
Skuldbindingar samtals .....	
Skuldbindingar umfram eignir .....	
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok .....	
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun .....	

## 31.12.2018

Áfallin skuldbinding	Framtíðar-skuldbinding	Heildar-skuldbinding
12.390.194	0	12.390.194
(847.245)	0	(847.245)
(18.175)	0	(18.175)
0	0	0
(516.929)	(1.124.251)	(1.641.180)
0	12.791.467	12.791.467
11.007.845	11.667.216	22.675.061
9.428.669	9.083.321	18.511.990
1.373.572	2.138.085	3.511.657
484.252	415.977	900.229
12.586	145.131	157.717
11.299.079	11.782.514	23.081.593
(291.234)	(115.298)	(406.532)
(2,6%)	(1,0%)	(1,8%)
(7,3%)	2,9%	(2,4%)

# SKÝRINGAR

## 1. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og Reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lifeyrissjóða. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og á síðasta ári.

### 1.2 Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í þúsundum íslenskra króna, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill lifeyrissjóðsins.

### 1.3 Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggar fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því ári sem þær eiga sér stað.

### 1.4 Iðgjöld

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda eru bókfærð þegar þau skapa kröfu á sjóðinn. Ógreidd iðgjöld í lok uppgjörsársins eru færð til eignar sem krafa á launagreiðendur. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er fært undir liðinn sérstök aukaframlög.

### 1.5 Lifeyrir

Undir lifeyri falla greiðslur til sjóðfélaga og skiptast þær í ellilifeyri, örorkulifeyri, makalifeyri og barnalifeyri. Auk þess fellur hér undir beinn kostnaður vegna örorkulifeyrisúrskurða og gjalda til starfsendurhæfingarsjóðs.

### 1.6 Hreinar fjárfestingartekjur

Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að frádregnum öllum fjárfestingargjöldum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður á Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lifeyris sem og áfallinn gengismunur á eignir í lok árs.

#### a) Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Undir hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og sölutap svo og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum og sjóðum, bæði vegna breytinga á gangvirði bréfanna og gengi gjaldmiðla.

#### b) Hreinar tekjur af skuldabréfum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga, annarra en gjalda sem skýrt er frá í skýringu nr. 4.5 um fjárfestingargjöld.

Hér eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökupóknarir af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld.

Hér undir er einnig færð, ef við á, varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna tapshættu sem er fyrir hendi á reikningsskiladegi.

#### c) Fjárfestingargjöld

Undir þennan lið eru færðar þóknarir til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins í samræmi við rekstrarsamning þar um. Laun starfsmanna rekstraraðila sem bera ábyrgð á daglegum rekstri og eignastýringu sjóðsins og þóknun vegna innri endurskoðunar eru innifalin í umsýsluþóknun sem er greidd til rekstraraðila samkvæmt samningi.

### 1.7 Rekstrarkostnaður

Undir þennan lið fellur allur kostnaður vegna reksturs sjóðsins, annar en þóknarir til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins sem færður er meðal fjárfestingargjalda. Kostnaðurinn er færður til gjalda þegar hann fellur til.

### 1.8 Fjárfestingar

Fjárfestingar eru fjármálagerningar í skilningi laga. Fjárfestingar sjóðsins samanstanda af eignarhlutum í félögum og sjóðum, skuldabréfum og fjárfestingu í íbúðarhúsnæði.

Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi og yfirfara þessa flokkun á hverjum reikningsskiladegi.

# SKÝRINGAR

## a) Matsaðferðir fjárfestinga

Fjármálagerningar eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur.

Gangvirði fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsverð í lok árs, en gangvirði annarra fjárfestinga í þessum flokki byggist á verðmatsaðferðum sem lýst er í skýringu nr. 6.5. Í þeirri skýringu eru jafnframt upplýsingar um stigskiptingu gangvirðis samkvæmt verðmatsaðferðum.

## b) Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þessi flokkur fjárfestinga er færður á gangvirði.

## c) Skuldabréf

Undir skuldabréf eru færð öll skuldabréf, bæði verðbréf sem metin eru á gangvirði og útlán. Í skýringu nr. 6.4 er gerð nánari grein fyrir skiptingu skuldabréfa eftir reikningshaldslegri meðhöndlun.

## d) Niðurfærsla skuldabréfa og útlána

Við mat á skuldabréfum sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði er tekið tillit til þeirrar tapsáhættu sem kann að vera fyrir hendi á reikningsskiladegi í samræmi við settar reikningsskilareglur. Varúðarframlög vegna tapsáhættunnar eru færð á niðurfærslureikning sem dreginn er frá stöðu skuldabréfa á reikningsskiladegi.

## e) Bundnar bankainnstæður

Undir bundnar bankainnstæður eru þau innlán sem bundin eru til lengri tíma en þriggja mánaða.

## 1.9 Kröfur

Kröfur eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Á hverjum reikningsskiladegi eru kröfur metnar með hliðsjón af tapsáhættu og fært í afskriftarreikning samkvæmt niðurstöðu slíks mats. Varúðarniðurfærslan er færð til lækkunar á viðkomandi lið í efnahagsreikningi og gjaldfærð undir önnur gjöld í yfirliti um breyting á hreinni eign til greiðslu lifeyris.

## 1.10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðar á kostnaðarverði að frádegnum afskriftum. Varanlegir rekstrarfjármunir samanstanda af skrifstofuáhöldum og tölvubúnaði. Afskriftir skrifstofuáhalda og tölvubúnaðar eru reiknaðar sem fastur álegur hundraðshlut af stofnverði.

Skrifstofuáhöld.....	10%
Tölvubúnaður.....	20%

## 1.11 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess er fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum.

## 1.12 Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef liklegt þykir að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna liðins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 1.13 Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á reikningsskiladegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Meðalkaupgengi Seðlabanka Íslands og gengi í lok árs var eftirfarandi:

Mynt	Meðalgengi		Lokagengi	
	2019	2018	31.12.2019	31.12.2018
Evra.....	EUR	136,92	127,37	135,45
Bandaríkjadollar.....	USD	122,35	108,12	120,81
Dönsk króna.....	DKK	18,34	17,09	18,13
Norsk króna.....	NOK	13,89	13,27	13,73
Breskt pund.....	GBP	156,11	144,00	159,03
				147,97

## 1.14 Áhættustjórnun

Lifeyrissjóður Rangæinga hefur sett sér áhættustefnu, þar sem áhætta er skilgreind og helstu áhættuþáttum í starfsemi sjóðsins er lýst og hvernig stýringu á þeim er háttáð. Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru í gildi hjá sjóðnum. Nánari grein er gerð fyrir áhættustýringu sjóðsins í skýringu nr. 10.

# SKÝRINGAR

## 2. ÍÐGJÖLD

2.1 Sérstök aukaframlög	2019	2018
Fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar á örorkubyrði .....	34.822	37.181
	<u>34.822</u>	<u>37.181</u>

## 3. LÍFEYRIR

3.1 Lífeyrir	2019	2018
Ellilifeyrir .....	241.473	209.182
Örorkulifeyrir .....	61.996	64.342
Makalifeyrir .....	12.354	11.034
Barnalifeyrir .....	2.704	3.050
	<u>318.527</u>	<u>287.608</u>
Uppgjör samkvæmt örorkusamkomulagi lífeyrissjóða .....	(8.936)	(9.537)
	<u>309.591</u>	<u>278.071</u>

3.2 VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður	2019	2018
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs .....	5.255	4.959

Samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða skulu lífeyrissjóðir inna af hendi sérstakt gjald til starfsendurhæfingarsjóðs vegna sjóðfélaga sem nemur sömu fjárhæð og greidd hefur verið til þess sama starfsendurhæfingarsjóðs af atvinnurekendum sem greiða til sjóðsins. Atvinnurekendur greiða 0,10% af iðgjaldsstofni til starfsendurhæfingarsjóðs.

3.3 Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	2019	2018
Aðkeypt þjónusta vegna örorkumats .....	919	1.978

## 3.4 Tryggingakostnaður

Sjóðurinn er aðili að samkomulagi sem íslenski lífeyrissjóðurinn, Eftirlaunajóður FÍA, Lífeyrissjóður Rangæinga og Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands gerðu sín á milli í desember 2006 um skiptingu örorkuáhættu lífeyrissjóða.

3.4 Tryggingakostnaður	2019	2018
(Tekjfært)/gjalfært vegna örorkusamkomulags lífeyrissjóða .....	(8.936)	(9.537)

## 4. HREINAR FJÁRFESTINGARTEKJUR

### 4.1 Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

4.1 Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	2019	2018
Gangvirðismunur af eignarhlutum í félögum og sjóðum .....	723.661	(133.573)
Gengismunur vegna erlendra gjaldmiðla .....	34.605	112.142
Arður af hlutabréfum .....	26.218	83.536
Endurgreidd umsýsla sjóða .....	6.934	4.870
	<u>791.418</u>	<u>66.975</u>

# SKÝRINGAR

## 4.2 Hreinar tekjur (gjöld) af eignarhlutum í félögum og sjóðum sundurliðaðar niður á 20 stærstu fjárfestingar

Gangvirðismun af eignarhlutum í félögum og sjóðum skipt niður á 20 stærstu fjárfestingar í stærðarröð. Miðað er við meðalstöðu eigna í upphafi og lok uppgjörsársins.

	2019	2018
Stefnir - ÍS 15 .....	99.847	(14.995)
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur .....	38.998	30.848
SSgA World IDX EQ-I -EUR .....	124.798	(19.184)
SSgA World IDX EQ-I -USD .....	65.583	(21.220)
Stefnir - ÍS 5 .....	49.007	(16.824)
Katla Fund Global Value .....	41.418	(18.508)
Wellington Global Research Equity .....	33.891	(11.748)
JPMorgan Liquidity Funds - U.S. Dollar Lic F .....	3.717	3.605
Capital Group New Perspective Fund - LUX (USD) .....	32.659	(8.540)
Stefnir - Sparifjársjóður .....	5.721	1.101
Reitir fasteignafélag hf .....	(650)	(16.131)
Marel hf. ....	49.234	11.092
JPMorgan Liq funds - EUR Liquidity Fund .....	(313)	0
ST1 .....	4.598	4.415
Seilern World Growth - USD .....	19.610	122
Suðurlandsvegur 1-3 hf. ....	0	0
Sjóvá-Almennar tryggingar hf .....	17.515	(9.590)
Arion banki hf. ....	11.432	0
Pimco GIS Income Fund (USD) .....	5.817	177
JPMorgan Funds - Global Bond Opportunities Fund .....	6.027	(686)
Önnur félög og sjóðir .....	114.752	(47.507)
	<b>723.661</b>	<b>(133.573)</b>

## 4.3 Hreinar tekjur af skuldabréfum

Öll skuldabréf sjóðsins eru metin á gangvirði.

	Gangvirðis- munur	Áhrif gjaldmiðils	Breyting á niðurfærslu	Samtals 2019	Samtals 2018
Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	306.360	3.845	0	310.205	369.840
Skuldabréf með ábyrgð fjármálastofnana .....	159.974	0	0	159.974	133.627
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga .....	29.758	0	0	29.758	30.342
Önnur verðbréf .....	93.191	7.051	0	100.242	86.543
	<b>589.283</b>	<b>10.896</b>	<b>0</b>	<b>600.179</b>	<b>620.352</b>

## 4.4 Breyting á niðurfærslu

Engin breyting er á varúðarniðurfærslu og endanlegum afskriftum í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris vegna ársins 2019. Sama á við um samanburðarárið 2018.

Aðferð við útreikning niðurfærslu verðbréfaeignar tekur mið af sértækri niðurfærslu eigna með tapsáhættu.

# SKÝRINGAR

## 4.5 Fjárfestingargjöld

Fjárfestingargjöld 2019	Bein fjárf.gjöld	Áætluð og reiknuð fjárf.gjöld		Meðalstaða eigna í sjóðum	Hlutfall fjárf.gjalda af meðaleign
		Fjárf.gjöld Samtals			
Innlendir verðbréfasjóðir .....	0	4.502	4.502	553.716	0,8%
Innlendir fjárfestingarsjóðir .....	0	8.515	8.515	736.434	1,2%
Innlendir fagfjárfestasjóðir .....	0	9.542	9.542	559.506	1,7%
Erlendir verðbréfasjóðir .....	0	10.003	10.003	1.819.107	0,5%
Aðrir erlendir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu .....	0	0	0		0,0%
Vörsluþóknun .....	3.713	0	3.713		
Umsýsluþóknun .....	42.102	0	42.102		
Miðlunarþóknunarir .....	1.173	0	1.173		
Önnur fjárfestingargjöld .....	207	0	207		
	<b>47.195</b>	<b>32.562</b>	<b>79.757</b>	<b>3.668.763</b>	

Fjárfestingargjöld 2018	Bein fjárf.gjöld	Áætluð og reiknuð fjárf.gjöld		Meðalstaða eigna í sjóðum	Hlutfall fjárf.gjalda af meðaleign
		Fjárf.gjöld Samtals			
Innlendir verðbréfasjóðir .....	0	4.180	4.180	582.685	0,7%
Innlendir fjárfestingarsjóðir .....	0	7.144	7.144	640.381	1,1%
Innlendir fagfjárfestasjóðir .....	0	11.716	11.716	506.235	2,3%
Erlendir verðbréfasjóðir .....	0	5.342	5.342	1.109.906	0,5%
Aðrir erlendir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu .....	0	0	0	0	0,0%
Vörsluþóknun .....	3.182	0	3.182		
Umsýsluþóknun .....	37.137	0	37.137		
Miðlunarþóknunarir .....	860	0	860		
Önnur fjárfestingargjöld .....	22	0	22		
	<b>41.201</b>	<b>28.382</b>	<b>69.583</b>	<b>2.839.207</b>	

## 4.6 Þóknun til rekstraraðila

Þóknun til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins á árinu 2019 nam 59,9 milljónum kr. og er hún í samræmi við rekstrarsamning þar um. Umsýsluþóknun nam 56,2 milljónum kr. eða 0,42% af meðalstöðu hreinnar eignar sjóðsins og vörsluþóknun 3,7 milljónum kr. Umsýsluþóknunin er gjaldfærð á meðal fjárfestingargjalda 42,1 milljón kr. og meðal rekstrarkostnaðar 14,0 milljónir kr. Vörsluþóknunin er að fullu gjaldfærð á meðal fjárfestingargjalda. Laun starfsmanna rekstraraðila sem bera ábyrgð á daglegum rekstri og eignastýringu sjóðsins og þóknun vegna innri endurskoðunar eru innifalin í umsýsluþóknun sem er greidd til rekstraraðila samkvæmt samningi. Önnur fjárfestingargjöld voru 1,4 milljónir kr. og fjárfestingargjöld alls 47,2 milljónir kr. Annar rekstrarkostnaður sjóðsins var 22,7 milljónir kr. og rekstrarkostnaður alls 36,7 milljónir kr.

Þóknun til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins á árinu 2018 nam 52,7 milljónum kr. og er hún í samræmi við rekstrarsamning þar um. Umsýsluþóknun nam 49,5 milljónum kr. eða 0,42% af meðalstöðu hreinnar eignar sjóðsins og vörsluþóknun 3,2 milljónum kr. Umsýsluþóknunin er gjaldfærð á meðal fjárfestingargjalda 37,1 milljón kr. og meðal rekstrarkostnaðar 12,4 milljónir kr. Vörsluþóknunin er að fullu gjaldfærð á meðal fjárfestingargjalda. Laun starfsmanna rekstraraðila sem bera ábyrgð á daglegum rekstri og eignastýringu sjóðsins og þóknun vegna innri endurskoðunar eru innifalin í umsýsluþóknun sem er greidd til rekstraraðila samkvæmt samningi. Önnur fjárfestingargjöld voru 0,9 milljónir kr. og fjárfestingargjöld alls 41,2 milljónir kr. Annar rekstrarkostnaður sjóðsins var 24,3 milljónir kr. og rekstrarkostnaður alls 36,7 milljónir kr.

# SKÝRINGAR

## 4.7 Áætluð umsýsluþóknun sjóða sem Lifeyrissjóður Rangæinga hefur fjárfest í

Við mat á áætluðum kostnaði sjóða sem fjárfest hefur verið í árinu 2019 er tekið tillit til umsýslukostnaðar hjá annars vegar verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum og hins vegar hjá fagfjárfestasjóðum sem eru á lista frá Fjármálaeftirlitinu dags. 3. og 11. janúar 2020. Áætlaður kostnaður sjóðanna er umsýsluþóknun þeirra að teknu tilliti til afsláttar. Umsýslukostnaður sjóðanna er innifalinn í hreinum tekjum (gjöldum) af eignarhlutum í félögum og sjóðum meðal hreinna fjárfestingartekna og afslátturinn sem lifeyrissjóðurinn fær er tekjufærður undir sama lið. Einnig er ávoxtun sem fyrr birt að frádeginum þessum kostnaði. Við mat á hlutdeild lifeyrissjóðsins í kostnaði er miðað við meðalstöðu ársins í viðkomandi sjóði. Meðalstaðan er reiknuð miðað við eign lifeyrissjóðsins í lok hvers ársfjórðungs.

## 5. REKSTRARKOSTNAÐUR

### 5.1 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	2019	2018
Umsýsluþóknun til Arion banka hf. ....	14.034	12.379
Laun og launatengd gjöld ....	7.544	7.317
Áhættustjóri ....	2.058	1.944
Tryggingastærðfræðingur ....	2.159	3.453
Lögfræðikostnaður ....	290	0
Endurskoðun ....	2.756	3.702
Eftirlitsgjald FME og gjald til umboðsmanns skuldara ....	4.869	4.832
Húsnaðiskostnaður ....	34	32
Annar rekstrarkostnaður ....	2.997	3.008
	<b>36.741</b>	<b>36.667</b>

### 5.2 Heildalaun, hlunnindi og þóknanir til stjórnar og endurskoðunarnefndar

	2019	2018
Heimir Hafsteinsson, formaður stjórnar .....	1.489	1.171
Eydís Þorbjörg Indriðadóttir, varaformaður stjórnar .....	1.202	1.021
Guðrún Elín Pálssdóttir, stjórnarmaður .....	1.058	1.201
Óskar Pálsson, stjórnarmaður og fulltrúi í endurskoðunarnefnd .....	1.774	1.868
Drífa Hjartardóttir, varamaður í stjórn .....	0	89
Pétur Magnússon, varamaður í stjórn .....	0	86
Árni Þorgilsson, fulltrúi í endurskoðunarnefnd .....	383	371
Guðmundur Einarsson, fulltrúi í endurskoðunarnefnd .....	464	359
Ólafía B Ásbjörnsdóttir, fyrrverandi varamaður í stjórn .....	0	36
	<b>6.370</b>	<b>6.202</b>

### 5.3 Þóknanir til endurskoðenda

	2019	2018
Endurskoðun og önnur staðfestingarvinna .....	2.632	3.569
Önnur þjónusta .....	124	133
	<b>2.756</b>	<b>3.702</b>

### 5.4 Þóknanir til tryggingastærðfræðings

	2019	2018
Útreikningar á tryggingafræðilegri stöðu .....	941	818
Önnur þjónusta .....	1.492	4.166
	<b>2.433</b>	<b>4.984</b>

Innri úttekt á sjóðnum var framkvæmd af innri endurskoðun Arion banka hf., þóknun til innri endurskoðunar er hluti af umsýslukostnaði sem er greidd til Arion banka hf. samkvæmt samningi.

# SKÝRINGAR

## 6. FJÁRFESTINGAR

### 6.1 Eignarhlutir í félögum og sjóðum

		31.12.2019		31.12.2018	
	Gangvirði	Eignar-hlutur	Kostnaðar-verð	Gangvirði	Eignar-hlutur
<b>Skráð innlend hlutabréf</b>					
Arion banki hf.	116.536	0,07%	105.316	0	0,00%
Eimskipafélag Íslands hf	0	0,00%	0	13.659	0,03%
Hagar hf.	7.724	0,01%	9.263	11.650	0,02%
Iceland Seafood International hf.	41.594	0,16%	30.515	33.593	0,17%
Kvika banki hf	14.389	0,07%	12.289	4.446	0,03%
Marel hf.	98.854	0,02%	44.931	87.320	0,03%
N1 hf.	1.036	0,00%	1.014	0	0,00%
Reginn hf.	45.851	0,11%	49.348	39.458	0,10%
Reitir fasteignafélag hf	94.737	0,19%	72.044	95.387	0,18%
Sjóvá-Almennar tryggingar hf	67.531	0,26%	58.631	50.016	0,25%
Síminn hf.	0	0,00%	0	14.661	0,04%
Skeljungur hf.	35.273	0,20%	28.411	32.448	0,21%
Vátryggingafélag Íslands	30.495	0,14%	29.135	45.697	0,23%
	<u>554.020</u>		<u>440.898</u>	<u>428.335</u>	
					<u>394.334</u>
<b>Óskráð innlend hlutabréf</b>					
Alda Credit Fund II slhf	8.904	0,55%	8.000	8.448	0,55%
Bakkastakkur slhf	139	0,52%	13.936	13.451	0,50%
Eignarh.fél Lifeyrissj.					
HSV eignarhaldsfélag slhf	70.679	0,80%	29.621	19.186	0,75%
Eignarh.fél Lifeyrissj..					
um verðbréfaping ehf	18	0,24%	18	18	0,24%
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf	7.500	2,75%	7.500	7.500	2,75%
FSÍ Framtakssj. Íslands GP ehf.	42	0,59%	42	42	0,59%
FSÍ Framtakssjóður Íslands slhf.	16.471	0,58%	68.026	16.471	1,13%
Glitnir HoldCo ehf. A-hlutir	1	0,00%	1	1	0,00%
Horn III slhf.	34.256	0,50%	50.900	36.455	0,59%
Innviðir fjárfestingar slhf	26.854	0,90%	28.465	2.359	0,98%
Landsbréf -					
Veðskuldabréfasj. slhf.	2.777	0,46%	1.622	32.977	0,55%
Reiknistofa lifeyrissjóða	718	0,51%	718	718	0,65%
SF VI slhf	18.795	0,43%	27.106	19.101	0,43%
SÍA III GP hf.	14	0,39%	16	14	0,39%
SÍA III slhf.	29.665	0,39%	31.071	22.300	0,39%
Stoðir hf.	0	0,00%	0	3.045	0,02%
Suðurlandsvegur 1-3 hf.	68.025	11,71%	68.025	68.025	11,71%
TFII slhf.	31.226	1,20%	29.683	29.990	2,14%
Veðskuld II slhf.	18	0,43%	38.265	18	0,43%
	<u>316.102</u>		<u>403.014</u>	<u>280.119</u>	
					<u>387.284</u>
<b>Skráð erlend hlutabréf</b>					
BankNordik P/F	0	0,00%	0	26.853	0,14%
Hlutabréf samtals	<u>870.122</u>		<u>843.912</u>	<u>735.307</u>	
					<u>783.771</u>

# SKÝRINGAR

## 6.1 Eignarhlutir í félögum og sjóðum, frh.

	31.12.2019			31.12.2018		
	Gangvirði	Eignar-hlutur	Kostnaðar-verð	Gangvirði	Eignar-hlutur	Kostnaðar-verð
<b>Innlend hlutdeildarskírteini</b>						
Akta HL1-Hlutdeildarskírteini .....	13.875	0,86%	14.000	11.617	0,86%	14.000
Alþjóða Fasteignasjóðurinn .....	2.403	0,88%	4.328	3.445	0,88%	5.968
Athafnasjóðurinn I .....	929	0,30%	223	1.063	0,31%	272
GAMMA: Iceland Fixed Income Fund .....	44.986	0,31%	34.000	36.531	0,37%	34.000
Júpiter -						
Fagfjárfestasjóðurinn IHF .....	0	0,00%	0	17.703	0,00%	19.921
Fagfjárf. sjóður TRF .....	17.953	0,40%	19.921			
Landsbréf LEQ UCITS ETF .....	0	0,00%	0	63.393	2,58%	70.765
Montanaro European Smaller Companies Fund .....	41.689	0,06%	30.492	24.439	0,04%	23.426
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður						
Langur .....	541.513	4,54%	367.737	502.514	4,24%	367.737
Stefnir - ÍS 15 .....	615.019	3,02%	406.678	522.171	2,95%	410.735
Stefnir - ÍS 5 .....	245.240	2,13%	224.500	191.732	1,92%	220.000
Stefnir - Lausafjársjóður .....	15.976	0,10%	15.806	55.224	0,24%	55.000
Stefnir - Sparifjársjóður .....	167.814	1,35%	164.733	86.100	1,07%	85.000
Stefnir íslenski						
ST1 .....	84.105	1,24%	70.930	69.507	2,09%	60.930
VIB, Sjodur 1 .....	0	0,00%	0	224	0,80%	66
	<b>1.791.502</b>		<b>1.353.350</b>	<b>1.585.663</b>		<b>1.367.820</b>
<b>Erlend hlutdeildarskírteini</b>						
Ashmore E.M Frontier EQ-Z2AU ( USD) .....	24.927	0,13%	24.402	0	0,00%	0
Capital Group New Perspective Fund - LUX (USD) .....	176.865	0,03%	144.761	89.662	0,02%	93.412
DNB Fund - High Yield inst A (NOK) .....	30.605	0,06%	32.055	0	0,00%	0
Fidelity Funds - Inst Emerging Markets Eq USD .....	58.846	0,07%	46.446	27.825	0,04%	27.834
JPMorgan Funds - Global Bond Opportunities Fund .....	85.593	0,01%	77.488	24.683	0,00%	23.152
JPMorgan Liquidity Funds - U.S. Dollar Lic F .....	50.927	0,00%	44.779	224.471	0,02%	205.112
JPMF Euro Liquidity Fund .....	180.449	0,14%	182.437	0	0,00%	0
Katla Fund Global Value .....	182.641	0,61%	104.816	138.955	0,59%	104.816
Pimco Euro Inc. BD-INS. Acc. ....	38.530	0,01%	38.582	0	0,00%	0
Pimco GIS Income Fund (USD) .....	85.610	0,00%	76.069	27.254	0,00%	24.129
SSgA World IDX EQ-I -EUR .....	671.443	0,09%	524.767	306.778	0,06%	286.634
SSgA World IDX EQ-I -USD .....	302.642	0,05%	202.991	227.887	0,05%	202.991
Seilern World Growth - USD .....	91.499	0,07%	60.389	47.995	0,07%	38.401
Wellington Global Equity Research A .....	180.404	0,39%	132.731	107.952	0,28%	98.374
Wellington Global Quality Growth fund (USD) .....	79.901	0,01%	65.983	27.255	0,01%	26.387
	<b>2.240.882</b>		<b>1.758.698</b>	<b>1.250.717</b>		<b>1.131.242</b>
Hlutdeildarskírteini samtals	<b>4.032.384</b>		<b>3.112.048</b>	<b>2.836.380</b>		<b>2.499.062</b>
Eignarhlutir og sjóðir samtals	<b>4.902.506</b>		<b>3.955.960</b>	<b>3.571.687</b>		<b>3.282.833</b>

# SKÝRINGAR

## 6.2 Skuldabréf á gangvirði

	31.12.2019	31.12.2018
Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	4.181.291	4.333.538
Skuldabréf með ábyrgð fjármálfyrirtækja .....	2.262.042	1.895.643
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga .....	460.024	413.617
Önnur verðobréf .....	1.687.567	1.200.416
	<u>8.590.924</u>	<u>7.843.214</u>

## 6.3 Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

	31.12.2019	31.12.2018
Fjárfestingar skiptast þannig niður á gjaldmiðla:		
ISK .....	11.117.529	10.132.784
EUR .....	1.117.155	473.617
USD .....	1.519.888	1.057.117
DKK .....	0	26.853
NOK .....	30.605	0
GBP .....	1.213	4.748
	<u>13.786.390</u>	<u>11.695.119</u>

	31.12.2019	31.12.2018
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:		
Eignir í íslenskum krónum .....	80,64%	86,64%
Eignir í erlendum gjaldmiðli .....	19,36%	13,36%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

## 6.4 Skipting fjárfestinga eftir matsaðferðum

Fjárfestingar í árslok 2019	Gangvirði	Kostnaðarverð	Samtals	Gangvirði
			31.12.2019	31.12.2019
Eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	4.834.481	68.025	4.902.506	4.902.230
Skuldabréf .....	8.590.924	0	8.590.924	8.590.924
Bundnar bankainnstæður .....	292.960	0	292.960	292.960
	<u>13.718.365</u>	<u>68.025</u>	<u>13.786.390</u>	<u>13.786.114</u>

Fjárfestingar í árslok 2018	Gangvirði	Kostnaðarverð	Samtals	Gangvirði
			31.12.2018	31.12.2018
Eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	3.503.662	68.025	3.571.687	3.584.652
Skuldabréf .....	7.843.214	0	7.843.214	7.843.214
Bundnar bankainnstæður .....	280.218	0	280.218	280.218
	<u>11.627.094</u>	<u>68.025</u>	<u>11.695.119</u>	<u>11.708.084</u>

## 6.5 Þrepaskipting gangvirðis

Lífeyrissjóður Rangæinga notar eftirfarandi þrepaskiptingu til að ákvarða og greina frá gangvirði fjárfestinga eftir matsaðferð:

1. þrep: Skráð verð á virkum markaði á sambærilegum eignum eða skuldum.
2. þrep: Virðismatsaðferð beitt þar sem allar mikilvægar breytur byggja á markaðsupplýsingum, ýmist beint eða óbeint.
3. þrep: Virðismatsaðferð beitt sem felur í sér mikilvægar breytur sem byggja ekki á markaðsupplýsingum.  
Hér flokkast hlutir og hlutdeildarskírteini í framtakssjóðum sem metnir eru út frá endurskoðuðum ársreikningum og kröfur sem metnar eru út frá væntum innheimtum.

Ársfjórðungslega er flokkunin yfirfarin til að meta hvort eignir sem reglulega eru metnar til gangvirðis hafi færst milli þepa. Er þá byggt á uppruna þeirra breyta sem hafa mikil áhrif á gangvirðismat eignanna.

# SKÝRINGAR

## 6.5 Þrepaskipting gangvirðis, frh.

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	<b>31.12.2019</b>
Eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	554.020	4.029.051	251.410	4.834.481
Skuldabréf .....	7.202.059	1.178.069	210.796	8.590.924
Bundnar bankainnstæður .....	292.960	0	0	292.960
	<b>8.049.039</b>	<b>5.207.120</b>	<b>462.206</b>	<b>13.718.365</b>
	Samtals			
	1. þrep	2. þrep	3. þrep	<b>31.12.2018</b>
Eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	518.582	2.771.301	213.779	3.503.662
Skuldabréf .....	6.477.641	1.187.407	178.166	7.843.214
Bundnar bankainnstæður .....	280.218	0	0	280.218
	<b>7.276.441</b>	<b>3.958.708</b>	<b>391.945</b>	<b>11.627.094</b>
<b>Breytingar á eignum í 3. þrep, færðar á gangvirði</b>				
			<b>2019</b>	<b>2018</b>
Staða í ársþyrjun .....			391.945	359.220
Keyppt á árinu .....			108.704	67.853
Selt á árinu og arðgreiðslur .....			(44.031)	(40.828)
Afborganir .....			(13.253)	(14.548)
Flutt á milli þrepa .....			0	9.458
Hrein gangvirðisbreyting .....			16.085	5.947
Gengismunur vegna erlendra gjaldmiðla .....			2.756	4.843
Staða í lok árs .....			<b>462.206</b>	<b>391.945</b>

## 7. KRÖFUR

### 7.1 Aðrar kröfur

Kröfur á launagreiðendur vegna óinnheimtra iðgjalda í árslok 2019 námu 100,3 milljónum kr. samkvæmt efnahagsreikning. Mat þeirra byggist á framkomnum skilagreinum vegna ársins 2019. Í árslok 2018 námu kröfur á launagreiðendur vegna óinnheimtra iðgjalda 104,6 milljónum kr.

#### Aðrar kröfur greinast þannig:

	<b>31.12.2019</b>	<b>31.12.2018</b>
Krafa vegna endurgreiddrar umsýslubóknunar .....	6.677	4.870
Aðrar kröfur .....	<b>18.517</b>	<b>6.335</b>
	<b>25.194</b>	<b>11.205</b>

## 8. ÝMSAR EIGNIR

### 8.1 Varanlegir rekstrarfjármunir

#### Skrifstofuáhöld, tölvubúnaður og afskriftir greinast þannig:

	Skrifstofu- áhöld	Tölву- búnaður	Samtals 2019	Samtals 2018
Heildarverð 1.1. 2019.....	1.138	298	1.436	1.924
Heildarverð 31.12. 2019.....	1.138	298	1.436	1.924
 Afskrifað áður.....	990	268	1.258	1.714
Afskrifað á árinu.....	34	0	34	32
Afskrifað samtals.....	1.024	268	1.293	1.746
Bókfært verð í árslok .....	114	30	144	178

# SKÝRINGAR

## 9. ÖNNUR MÁL

### 9.1 Tryggingafræðileg úttekt

Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nam lífeyrisskuldbinding Lifeyrissjóðs Rangæinga 25.445 milljónum kr. í árslok 2019 miðað við 3,5% ársverfi og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign sjóðsins í árslok 2019 var 25.502 milljónir kr. eða 57 milljónum hærri eða sem nemur 0,2%. Breyting á tryggingafræðilegri stöðu greinist þannig:

#### Yfirlit um breytingu á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingardeildar

	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir:</b>		
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjörs í árslok .....	25.512.730	22.675.061
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjörs í ársbyrjun .....	22.675.061	19.416.716
Hækkun endurmetinnar eignar á árinu .....	2.837.669	3.258.345
<b>Skuldbindingar:</b>		
Skuldbindingar í árslok .....	25.445.405	23.081.593
Skuldbindingar í ársbyrjun .....	23.081.593	19.896.250
Hækkun skuldbindinga á árinu .....	2.363.812	3.185.343
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu .....	<u>473.857</u>	<u>73.002</u>
<b>Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun .....	11.299.079	10.375.932
Hækkun lífeyrisskuldbindina vegna vaxta og verðbóta .....	724.611	727.560
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins .....	825.239	669.748
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu .....	(324.701)	(287.600)
Hækkun/lækkun vegna nýrra lífslíknataflna .....	88.603	20.780
Hækkun/lækkun vegna annarra breytinga .....	(148.754)	(207.341)
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok .....	<u>12.464.077</u>	<u>11.299.079</u>

Af hálfu Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga hafa verið kynntar hugmyndir um að áætlun um lífslíkur fólks í framtíðinni verði grundvöllur við mat á lífeyrisskuldbindingum lífeyrissjóða en ekki lífslíkur út frá reynslu i fortíðinni eins og hefur verið. Breyttar forsendur myndu hækka áfallnar skuldbindingar sjóðsins. Sem mótvægi við hækkun skuldbindinga hafa Landssamtök lífeyrissjóða kynnt hugmyndir um að ellilífeyristökualdur verði hækkaður um 2 mánuði á ári næstu 12 árin og 1 mánuð á ári næstu 12 ár þar á eftir. Þannig yrði ellilífeyristökualdur hækkaður í litlum skrefum um þvíj ár næstu 24 árin. Markmið þessara mótvægisáðgerða væri fyrst og fremst að draga út hækkun skuldbindinga vegna hækkandi meðalævi. Talið er eðlilegt að samfara hækkun á meðalævi hækki ellilífeyristökualdur þannig að greiðslutími ellilífeyris verið svipaður að lengd hjá öllum árgöngum.

### 9.2 Örorkubótasamkomulag

Sjóðurinn er aðili að samkomulagi sem Íslenski lífeyrissjóðurinn, Eftirlaunajóður FÍA, Lífeyrissjóður Rangæinga og Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands gerðu sín á milli í desember 2006 um skiptingu örorkuáhættu lífeyrissjóða. Krafa sjóðsins vegna þessa er 18.517 þús. kr. í árslok 2019.

	2019	2018
Örorkubótasamkomulag vegna 2019 - Áætlað .....	8.937	0
Örorkubótasamkomulag vegna 2018 - Áætlað .....	9.580	9.580
Örorkubótasamkomulag vegna 2017 .....	0	5.934
Örorkubótasamkomulag vegna 2016 .....	0	(4.845)
Örorkubótasamkomulag vegna 2015 .....	0	(6.403)
Örorkubótasamkomulag vegna 2014 .....	0	2.054
	<u>18.517</u>	<u>6.320</u>

# SKÝRINGAR

## 9.3 Eignarhlutur í Framtakssjóði Íslands slhf. (FSÍ)

Eign Lífeyrissjóðs Rangæinga í Framtakssjóði Íslands slhf. er færð á innra virði og er hún metin á 16,5 milljónir kr. í eignasafni sjóðsins. Samkvæmt upplýsingum frá Framtakssjóði Íslands slhf. þá er bókfært virði eignarhluta félagsins um 1,7 milljarðar kr. Jafnframt kemur fram að áætlað gangvirði sömu eignarhluta sé um 2,8 milljarðar kr. Ef tekið er mið af áætluðu gangvirði félagsins má ætla að endurmetin eign Lífeyrissjóðs Rangæinga í Framtakssjóði Íslands slhf. nemi rúmlega 16,2 milljónum kr. í árslok 2019.

Í lok árs 2018 var eign Lífeyrissjóðs Rangæinga í Framtakssjóði Íslands slhf. metin á 16,5 milljónir kr. í eignasafni sjóðsins. Samkvæmt upplýsingum frá Framtakssjóði Íslands slhf. var bókfært virði eignarhluta félagsins um 2,8 milljarðar kr. Jafnframt kom þá fram að áætlað gangvirði sömu eignarhluta hafi verið um 5,0 milljarðar kr. Ef tekið er mið af áætluðu gangvirði félagsins má ætla að endurmetin eign Lífeyrissjóðs Rangæinga í Framtakssjóði Íslands slhf. hafi numið rúmlega 29,4 milljónum kr. í árslok 2018.

## 9.4 Suðurlandsvegur 1-3 hf.

Í árslok 2019 er hlutafé Suðurlandsvegar 1-3 hf. alls að nafnverði 591.138.009 kr. og er eignarhlutur Lífeyrissjóðs Rangæinga í félaginu að nafnvirði 68.024.526 kr. eða 11,5%. Hlutaféð er óbreytt frá því í árslok 2018.

## 9.5 Aðrar skuldbindingar

Sjóðurinn hefur gert samninga sem skuldbinda hann til framtíðarfjárfestinga. Með samningunum hefur sjóðurinn skuldbundið sig til að fjárfesta í framtaks- og fasteignasjóðum fyrir ákveðna fjárhæð, sem er innkölluð í nokkrum áföngum. Staða skuldbindinga í árslok er sem hér greinir:

	<b>31.12.2019</b>	<b>31.12.2018</b>
Heildarskuldbindingar samkvæmt samningum í árslok .....	370.000	360.000
Heildarfjárfestingar .....	(242.985)	(215.581)
<b>Skuldbinding í árslok í íslenskum krónum .....</b>	<b>127.015</b>	<b>144.419</b>

## 9.6 Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Á fyrsta ársfjórðungi 2020 hefur útbreiðsla kórónuveirunnar COVID-19 geisað um heiminn og haft veruleg samfélags- og efnahagsleg áhrif í för með sér. Stjórnvöld og Seðlabanki Íslands hafa gripið til umfangsmikilla aðgerða til að bregðast við efnahagsáhrifum vegna COVID-19 með það að leiðarljósi að verja grunnstoðir samfélagsins og vernda afkomu fólks og fyrirtækja. Lífeyriskerfið er hér eigi undanskilið og voru lífeyrissjóðir landsins fljótir að leggja hönd á plög. Lífeyrissjóðirnir skrifuðu til dæmis undir hvatningaryfirlýsingu Landssamtaka Lífeyrissjóða, um að halda að sér höndum varðandi gjaldeyriskaup á öðrum ársfjórðungi 2020, og samkomulag lífeyrissjóða og fjármálfyrirtækja um tímabundna greiðslufresti á lánum. Til viðbótar er hluti af efnahagsaðgerðum stjórnvalda heimild til úttektar séreignarsparnaðar, þ.e fyrirframgreiðsla viðbótar sparnaðar.

Sveiflur hafa almennt einkennt þróun eignaverðs á fjármálamörkuðum á fyrsta ársfjórðungi eftir því sem fjárfestar hafa keppst við að meta efnahagsleg áhrif COVID-19. Ávoxtun Lífeyrissjóðs Rangæinga hefur þar af leiðandi sveiflast töluvert frá áramótum. Ljóst er að til skamms tíma má búast við áframhaldandi sveiflum á fjármálamörkuðum, líklega þar til mat á beinum og óbeinum áhrifum kórónuveirunnar verða komin betur í ljós. Viðbúið er að þær sveiflur muni hafa áhrif á Lífeyrissjóð Rangæinga sem og lífeyriskerfið í heild sinni. Stjórn Lífeyrissjóðs Rangæinga vill áréttu mikilvægi áhættudreifingar sem er grunnþáttur í eignasöfnum þar sem fjárfestingartími er langur. Lífeyrissparnaður er í eðli sínu langtíma sparnaður og getur ávoxtun verið sveiflukennnd þegar til skemmri tíma er litið en þegar horft er til lengri tíma jafnast sveiflurnar að miklu leyti út.

# SKÝRINGAR

## 10. ÁHÆTTUPÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING

### 10.1 Áhættustýring

Áhætta í starfsemi lífeyrissjóðsins er skilgreind, sem hætta á fjárhagslegu tapi sem leiðir af atburði. Áhætta nær til atvika sem lúta að eignum, skuldbindingum og daglegum rekstri sjóðsins. Hlutverk stjórnar lífeyrissjóðsins er meðal annars að móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhætta í starfsemi sjóðsins. Í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhætta lífeyrissjóða hefur stjórn sjóðsins sett fram stefnu um áhætta í starfsemi lífeyrissjóðsins sem hún er reiðubúin að taka í samræmi við markmið og framtíðarsýn sjóðsins. Sjóðurinn hefur jafnframt sett sér áhættustýringarstefnu þar sem fram kemur hvernig lífeyrissjóðurinn ætlar sér að stýra áhættupáttum í daglegum rekstri sjóðsins.

Hér verður greint frá helstu áhættupáttum sem felast í starfsemi sjóðsins.

### 10.2 Lífeyristryggingaráhætta

Lífeyristryggingaráhætta er hættan á að lífeyrissjóður vanmeti lífeyrisskuldbindingar sínar vegna vanmats eða óvissu tengdum lýðfræðilegum þáttum, svo sem forsendum um dánar- og örorkutiðni auk forsendna um vexti og verðbólgu. Árlega skal stjórn sjóðsins láta fara fram athugun á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins í samræmi við 39. gr. laga nr. 129/1997. Tryggingafræðileg athugun felur í sér samanburð á hreinni eign til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðar iðgjalda og núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meiri en 10% munur er á milli eignarlíða og lífeyrisskuldbindinga er sjóðnum skilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Hið sama gildir ef munur helst meiri en 5% samfellt í fimm ár. Áhættan er mæld með álagsprófi þar sem metin eru áhrif ýmissa svíðsmynda á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Sjóðurinn stýrir lífeyristryggingaráhætta með fjárfestingar- og áhættustýringarstefnu sem settar eru með það markmið að sjóðurinn nái markmiði sínu að geta staðið við lífeyrisskuldbindingar sínar. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítingu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á helstu áhættupáttum, sem geta haft áhrif á getu sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar, með skýrslugjöf.

Áhrif á tryggingafræðilega stöðu	31.12.2019	31.12.2018
Núvirðisvextir í tryggingafræðilegri úttekt lækkaðir um 0,5%	-11,46%	-11,82%
Líftöflur hliðrast um 2 ár	-4,23%	-7,25%
Örorkulíkur auknar um 10%	-1,00%	-2,97%
VNV hækkan ársins aukin um 0,5%	0,12%	-1,84%
GVT lækkar um 10%	-0,92%	-2,65%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf lækka um 10%	0,22%	-1,76%
Innlend/erlend markaðsskuldbréf lækka um 10%	-3,24%	-5,18%
Erlend hlutabréf lækka um 10%	-0,49%	-2,21%
Innlend hlutabréf lækka um 10%	-0,47%	-2,42%

# SKÝRINGAR

## 10.3 Áhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði

Nokkur áhætta er tengd því að að eignir mæti ekki skuldbindingum til lengri tíma, sem má til að mynda rekja til óhagstæðra markaðsbreytinga sem hafa önnur áhrif á eignir en skuldbindingar. Slíkt misvægi getur myndast þar sem lifeyrisskuldbindingar sjóðsins eru að fullu verðtryggðar en eignir einungis að hluta. Verðbólguáhætta sjóðsins er mæld með álagsprófi sem segir til um áhrif fyrirfram skilgreindrar verðbólgu á heildareignir sjóðsins. Sjóðurinn stýrir verðbólguáhættu með því að breyta vægi verðtryggðra eigna af heildareignum. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem fram kemur viðmið um verðtryggingarhlutfall skuldabréfasafns sjóðsins. Áhættustýring greinir stjórn reglulega frá mælingum á verðbólguáhætta með skýrslugjöf.

Álagspróf	31.12.2019	31.12.2018
10% hækkun vísitölu neysluverðs .....	5,82%	6,19%

## 10.4 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi eða óhagstæðum breytingum á fjárhagslegri stöðu sem stafa beint eða óbeint af sveiflum á virði eigna.

### a) Vaxta- og endurfjármögnumunaráhætta

Vaxtaáhætta er hættan á að breytingar á vöxtum og lögum vaxtaferilsins leiði til lækkunar á virði skuldabréfa og að ekki verði hægt að fjárfesta í skuldabréfum á jafn hárrí ávöxtunarkröfu í framhaldinu. Áhættan er mæld með álagsprófi sem segir til um áhrif fyrirfram skilgreindrar hækkunar ávöxtunarkröfu á heildareignir sjóðsins. Sjóðurinn stýrir vaxtaáhættu með því að breyta meðallíftíma skuldabréfasafns sjóðsins – en meðallíftími er mælikvarði á næmni skuldabréfa fyrir breytingum ávöxtunarkröfu – og með því að breyta vægi skuldabréfasafnsins af heildareignum sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem fram kemur viðmið um meðallíftíma skuldabréfasafns og takmarkanir á vægi eignaflokka, þar með talið skuldabréfa. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítingu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á vaxtaáhættu og árangri við hlítingu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf.

Álagspróf	31.12.2019	31.12.2018
100 pt hækkun verðtryggðra vaxta .....	-5,01%	-5,40%
200 pt hækkun óverðtryggðra vaxta .....	-0,26%	-0,20%

### b) Hlutabréfaáhætta

Hlutabréfaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi vegna lækkunar á hlotabréfum, þar með talið hlotabréfaeign í gegnum sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Áhættan er mæld með álagsprófum sem segja til um áhrif fyrirfram skilgreindrar lækkunar hlotabréfa á heildareignir sjóðsins. Sjóðurinn stýrir hlotabréfaáhættu með því að breyta vægi hlotabréfa af heildareignum sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem takmarkanir eru settar á vægi eignaflokka, þar með talið hlotabréfa og sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítingu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á hlotabréfaáhættu og árangri við hlítingu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf.

Álagspróf	31.12.2019	31.12.2018
30% lækkun innlendra hlotabréfa .....	-3,52%	-3,62%
20% lækkun erlendra hlotabréfa .....	-2,56%	-1,67%

# SKÝRINGAR

## 10.4 Markaðsáhætta, frh.

### c) Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er hættan á að breytingar á gengi gjaldmiðla (styrking ISK gagnvart erlendum gjaldmiðlum) rýri verðmæti erlendra eigna sjóðsins mælt í íslenskum krónum. Styrking krónunnar gæti því skapað misvægi á milli eigna og skuldbindinga sjóðsins þar sem lífeyrisskuldbindingar hans eru í íslenskum krónum. Gjaldeyrisáhætta sjóðsins er mæld með eins mánaðar fé í húfi miðað við 99,5% öryggisbil. Mælikvarðinn segir til um hversu mikil getur tapast á einum mánuði vegna gjaldmiðlahreyfinga, þannig að einungis 0,5% líkur eru á að tapið verð meira. Auknar sveiflur í gengi krónunnar hafa neikvæð áhrif á þennan mælikvarða auk þess sem staða sjóðsins í eignum í erlendum gjaldmiðlum hefur áhrif. Sjóðurinn stýrir áhættunni með því að breyta hlutfalli erlendra eigna af heildareignum. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem fram koma takmarkanir á vægi eigna í erlendum gjaldmiðlum. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítingu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á gjaldmiðlaáhættu og árangri við hlítingu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf.

Áhættumælikvarði	31.12.2019	31.12.2018
1 mán. fé í húfi m.v. 99,5% öryggisbil .....	-0,92%	-1,50%

## 10.5 Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi sökum þess að mótaðili uppfyllir ekki skuldbindingar sínar. Áhættan ræðst bæði af líkum á greiðslufalli og áætluðum endurheimtum ef til greiðslufalls kemur. Mótaðilaáhætta er mæld með því að sundurgreina skuldbréfasafn sjóðsins eftir tegund útgefenda. Sjóðurinn stýrir útlánaáhættu með takmörkunum á vægi skuldbréfa eftir tegund útgefenda ásamt takmörkunum á vægi stakra útgefanda og tengdra aðila af heildareignum sjóðsins, sem tilgreind eru í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítingu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á mótaðilaáhættu og árangri við hlítingu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf.

Tegund skuldbréfaútgefenda	31.12.2019	31.12.2018
Ríki .....	45,0%	55,3%
Fjármálfyrirtæki .....	30,6%	24,2%
þar af sérttryggð skuldbréf .....	26,1%	24,2%
Sveitarfélög .....	5,4%	5,3%
Fyrirtæki .....	19,0%	15,3%

## 10.6 Samþjöppunaráhætta

Samþjöppunaráhætta er hættan á auknu fjárhagslegu tapi vegna of mikillar samþjöppunar eigna. Sjóðurinn gætir þess að eignir hans séu nægilega fjölbreyttar til að komið sé í veg fyrir samþjöppun og uppsöfnun áhættu í eignasafninu, m.a. með því að gæta að fylgni áhættu einstakra eigna og eignaflokka.

Tafla 1 inniheldur 10 stærstu mótaðila Lifeyrissjóðs Rangæinga í lok árs 2019 og til samanburðar sýnir Tafla 2 stöðuna í lok árs 2018. Aðilar sem teljast til sömu samstæðu eða tilheyra hópi tengdra viðskiptavina skv. lögum um lifeyrissjóði teljast einn aðili. Flokkað er niður á eignaflokka skv. 36. gr. a. í lifeyrissjóðslögum.

# SKÝRINGAR

## 10.6 Samþjöppunaráhætta, frh.

A og B: Ríkisskuldabréf (OECD, evrópska efnahagssvæðið og Færeyjar), fasteignaveðtryggð skuldabréf, skuldabréf sveitarfélaga, innlán viðskiptabanka og sparisjóða, sértryggð skuldabréf skv. lögum þar um.

C og D: Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl útgefin af lánastofnunum og vátryggingafélögum, fyrir utan víkjandi bréf, hlutir í verðbréfasjóðum skv. lögum þar um, skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

E og F: Hlutabréf félaga, hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, fasteignir (OECD, evrópska efnahagssvæðið og Færeyjar), afleiður sem draga út áhættu sjóðsins og aðrir fjármálagerningar.

Útgefandi - 31.12.2019	Hlutfall	Eignaflokkur		
		A og B	C og D	E og F
ÍL-sjóður .....	25,7%	25,7%	0,0%	0,0%
Arion banki hf. ....	12,4%	9,0%	0,7%	2,7%
Landsbankinn hf. ....	7,2%	5,5%	1,4%	0,3%
State Street Global Advisors France 1) .....	6,9%	0,0%	6,9%	0,0%
Íslandsbanki hf. ....	6,8%	6,7%	0,2%	0,0%
Seðlabanki Íslands .....	3,1%	3,1%	0,0%	0,0%
Reitir fasteignafélag hf. ....	2,7%	0,0%	2,0%	0,7%
Reykjavíkurborg .....	2,3%	0,3%	2,0%	0,0%
JP Morgan Investment Management Ltd. 1) .....	2,2%	0,0%	2,2%	0,0%
Marel hf. ....	2,2%	0,0%	0,0%	2,2%

Tafla 1 10 stærstu mótaðilar Lifeyrissjóðs Rangæringa í lok árs 2019, horft í gegnum helstu innlenda verðbréfa- og fjárfestingasjóði.

Útgefandi - 31.12.2018	Hlutfall	Eignaflokkur		
		A og B	C og D	E og F
Íbúðaláanasjóður .....	29,7%	29,7%	0,0%	0,0%
Arion banki hf. ....	13,7%	11,5%	1,1%	1,0%
Íslandsbanki hf. ....	6,7%	6,7%	0,0%	0,0%
Seðlabanki Íslands .....	4,8%	4,8%	0,0%	0,0%
Landsbankinn hf. ....	4,4%	3,8%	0,0%	0,6%
State Street Global Advisors France .....	4,4%	0,0%	4,4%	0,0%
Kaupþing ehf. ....	3,0%	3,0%	0,0%	0,0%
Marel hf. ....	2,5%	0,0%	0,0%	2,5%
Reitir fasteignafélag hf. ....	2,4%	0,0%	1,6%	0,8%
Landsvirkjun .....	2,2%	1,2%	1,0%	0,0%

Tafla 2 10 stærstu mótaðilar Lifeyrissjóðs Rangæringa í lok árs 2018, horft í gegnum helstu innlenda verðbréfa- og fjárfestingasjóði.

Skuldabréf, sem Búnaðarbanki Íslands gaf út og Kaupþing ehf. tók yfir, eru með ábyrgð ríkissjóðs og flokkast því undir eignaflokk A. Mótaðilaáhætta tengd Arion banka, þegar horft er í gegnum verðbréfa- og fjárfestingasjóði, er fyrst og fremst í gegnum innlán, sértryggð skuldabréf og hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, en þar er um að ræða framtakssjóði sem tengjast Arion banka

# SKÝRINGAR

## 10.6 Samþjöppunaráhætta, frh.

Eignaflokkur	31.12.2019	31.12.2018
Innlán .....	4,9%	7,2%
Sértryggð skuldabréf .....	4,1%	4,4%
Skuldabréf og víxlar lánastofnana, að undanskildum víkjandi skuldabréfum .....	0,0%	1,1%
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og vátryggingafélaga .....	0,7%	0,0%
Hlutabréf félaga .....	1,7%	0,0%
Hlutdeildarskíteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu .....	1,0%	1,0%
Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleidur .....	0,0%	0,0%
<b>Samtals:</b> .....	<b>12,4%</b>	<b>13,7%</b>

Tafla 3 Skipting mótaðilaáhættu Arion banka.

## 10.7 Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á að sjóðurinn hafi ekki yfir nægu lausu fé að ráða til að standa undir skuldbindingum sínum eða þurfi að selja eignir á óviðunandi verði þegar þær gjarlfalla, t.d. lífeyrisgreiðslur, uppgjör verðbréfaviðskipta, greiðslur vegna reksturs á sjóðnum og flutningar á séreignarsparnaði. Áhættan er mæld með því að flokka eignir sjóðsins eftir seljanleika. Greint er á milli þriggja flokka seljanleika: 1) eignir með viðskiptavakt eða regluleg viðskipti og sjóðir með innlausnarskyldu, 2) aðrar skráðar eignir og 3) óskráðar eignir og sjóðir án innlausnarskyldu. Sjóðurinn stýrir lausafjáráhættu með því að greina vænt greiðsluflæði og gæta þess að varðveisla nægjanlegt fjármagn í auðseljanlegum eignum svo sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Áhættustýring greinir stjórn reglulega frá mælingum á lausafjáráhættu með skýrslugjöf.

Seljanleikaflokkun	31.12.2019	31.12.2018
Flokkur 1.....	77,5%	75,8%
Flokkur 2.....	13,1%	12,8%
Flokkur 3.....	9,4%	11,3%

## 10.8 Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á fjárhagslegu tapi vegna ófullnægjandi innri kerfa, stefnu eða verkferla, háttsemi starfsmanna eða ytri þátta. Sjóðurinn stýrir rekstraráhættu með virku innra eftirliti sem er hluti af daglegri starfsemi sjóðsins. Innra eftirlit samanstendur meðal annars af skjalfestum verkferlum, aðskilnaði starfa, ábyrgðum og heimildum starfsmanna ásamt öðrum innri reglum. Sjóðurinn framkvæmir árlega mat þar sem áhættubættir sem snúa að rekstri sjóðsins eru kortlagðir á skipulegan hátt, möguleg áhrif þeirra greind og virkni stýringa metin. Í framhaldinu er ákveðið hvort grípa eigi til aðgerða til þess að bæta stýringar áhættuþáttu. Meðal þeirra rekstraráhættuþáttu sem litið er til eru eftirfarandi:

- Starfsmannaáhætta:** Hætta á að uppsagnir eða veikindi starfsmanna leiði til rekstrarerfiðleika og/eða fjárhagslegs taps.
- Sviksemisáhætta:** Hætta á að sviksemi starfsmanna rekstrararaðila eða utanaðkomandi aðila leiði til fjárhagslegs taps.
- Orðsporsáhætta:** Hætta á að hnækkr á orðspori sjóðsins leiði til fjárhagslegs taps.
- Upplýsingataekniáhætta og öryggismál:** Áhætta sem getur falist í röngum og/eða ófullnægjandi upplýsingum, tiltækileika upplýsinganna, rangri úrvinnslu þeirra, aðgangsheimildum og öðrum öryggismálum.
- Lög og reglur:** Hætta á að sjóðurinn starfi ekki í samræmi við lög og reglur, og/eða að lagabreytingar eða túlkun laga leiði til fjárhagslegs taps eða verði sjóðnum íþyngjandi á annan hátt.
- Skjaláhætta:** Hætta á að ófullnægjandi skjalagerð eða skjöl, s.s. samningar um eignastýringu og ráðstöfun iðgjalda, séu ekki aðgengileg og/eða vistuð á öruggan hátt.
- Áhætta vegna útvistunar:** Áhætta sem felst í útvistunarsamningum, þ.m.t. hagsmunaárekstrar sem skapast getur milli sjóðsins og útvistunaraðilans.
- Upplýsingaáhætta:** Hætta á að upplýsingar sem sjóðurinn lætur frá sér gefi villandi mynd eða leiði til ákvarðanatöku sjóðfélaga á röngum forsendum.
- Verkferlar og framkvæmd:** Hætta á að mistök starfsmanna, ófullnægjandi verkferlar eða því að verkferlum sé ekki fylgt leiði til fjárhagslegs taps fyrir sjóðinn.
- Úrskurðaráhætta lífeyris:** Hætta á að lífeyrisúrskurðir séu ekki samkvæmt samþykktum sem getur leitt til endurkrafna og gefið ranga mynd af stöðu sjóðsins.

## KENNITÖLUR

Fimm ára yfirlit	2019	2018	2017	2016	2015
<b>Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt</b>					
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar.....	0,26%	(1,76%)	(2,41%)	(4,13%)	(1,76%)
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar.....	0,29%	(2,58%)	(7,25%)	(7,97%)	(3,71%)
<b>Hrein raunávöxtun</b>					
Hrein raunávöxtun.....	7,72%	2,56%	5,71%	0,07%	8,76%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár * .....	4,91%	4,03%	4,05%	3,97%	4,62%
síðustu 10 ár * .....	4,82%	3,83%	2,22%	1,76%	2,42%
* Ávöxtunartölur hafa ekki verið endurreiknaðar vegna áranna 2004-2012					
<b>Hlutfallsleg skipting fjárfestinga</b>					
Skráðir eignarhlutar í félögum og sjóðum %.....	20,58%	26,19%	26,91%	28,66%	28,17%
Skráð skuldabréf %.....	58,40%	62,39%	61,43%	58,75%	57,24%
Óskráðir eignarhlutar í félögum og sjóðum %.....	14,97%	4,44%	3,13%	3,39%	3,72%
Óskráð skuldabréf %.....	3,93%	4,59%	6,05%	6,55%	7,73%
Afleiður.....	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,35%
Bundnar bankainnstæður.....	2,13%	2,39%	2,48%	2,65%	2,79%
	<b>100,00%</b>	<b>100,00%</b>	<b>100,00%</b>	<b>100,00%</b>	<b>100,00%</b>
<b>Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum</b>					
Eignir í íslenskum krónum.....	80,64%	86,64%	88,72%	91,66%	93,24%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum.....	19,36%	13,36%	11,28%	8,34%	6,76%
	<b>100,00%</b>	<b>100,00%</b>	<b>100,00%</b>	<b>100,00%</b>	<b>100,00%</b>
<b>Fjöldi</b>					
Fjöldi sjóðfélaga í árslok.....	11.163	10.858	10.478	10.153	10.221
Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga .....	1.150	1.077	999	937	909
Meðalfjöldi lífeyrisþega.....	767	731	676	633	593
Fjöldi lífeyrisþega .....	945	844	779	735	696
<b>Hlutfallsleg skipting lífeyris:</b>					
Ellilífeyrir.....	75,81%	72,73%	69,99%	75,95%	73,59%
Örorkulfífeyrir.....	19,46%	22,37%	25,32%	20,13%	22,37%
Makalífeyrir.....	3,88%	3,84%	2,97%	2,81%	2,96%
Barnalífeyrir.....	0,85%	1,06%	1,71%	1,11%	1,08%
	<b>100,00%</b>	<b>100,00%</b>	<b>100,00%</b>	<b>100,00%</b>	<b>100,00%</b>

## KENNITÖLUR

---

	2019	2018	2017	2016	2015
<b>Fjárhæðir á föstu verðlagi</b>					
Iðgjöld alls.....	860	785	666	566	492
Lifeyrir alls.....	(316)	(293)	(297)	(273)	(259)
Hreinar fjárfestingartekjur.....	1.379	732	853	256	1.061
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður.....	(37)	(38)	(31)	(28)	(28)
Aðrar tekjur.....	0	0	0	0	8
Hækkun/lækkun á hreinni eign .....	1.886	1.186	1.191	521	1.274
<b>Aðrar kennitölur</b>					
Lifeyrisbyrði.....	36,7%	37,3%	44,6%	48,4%	52,6%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum.....	4,3%	4,8%	4,7%	5,0%	5,8%
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna.....	10,3%	6,0%	7,5%	2,4%	10,6%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna.....	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%

# ÓFJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

## STARFSEMI

Hlutverk Lifeyrissjóðs Rangæinga er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lifeyri. Starfsemi sjóðsins felst þannig einkum í varðveislu og ávöxtun lifeyrissparnaðar sjóðfélaga með það að markmiði að hámarka lifeyrisgreiðslur þeirra að lokinni starfsævi. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lifeyrisréttinda og starfsemi lifeyrissjóða nr. 129/1997.

## MANNAUÐSSTEFNA

Rekstur Lifeyrissjóðs Rangæinga er í höndum Arion banka skv. rekstrarsamningi sem stjórn sjóðsins hefur gert við bankann. Samkvæmt honum sinna starfsmenn Arion framkvæmdarstjórn, rekstri og eignastýringu sjóðsins. Sjóðurinn hefur því enga starfsmenn og því er vísað til stefnu og reglna Arion banka, t.d. mannauðs-, jafnlauna- og jafnréttisstefnu, almennra starfsreglna, starfs- og siðareglna fyrir starfsfólk, reglur bankans um gjafir og skemmtanir svo og reglur um verðbréfaviðskipti starfsmanna.

## UMHVERFI OG SAMFÉLAG

Samfélagsábyrgð skiptir Lifeyrissjóð Rangæinga miklu máli. Sjóðurinn hefur í starfsemi sinni að leiðarljósi hugmyndafræði sem gengur út á að jafnvægi sé á milli fjárhags-, umhverfis og samfélagsþáttu og að hugað sé að þessum þáttum við stefnumótun og ákvörðunartöku.

Ein hofuðskylda Lifeyrissjóðs Rangæinga þegar kemur að samfélagsábyrgð lítur að skilgreindu hlutverki sjóðsins um að varðveita og ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja sjóðfélögum og eftirlifandi mökum þeirra og börnum lifeyri. Þetta gerir sjóðurinn með því að sýna ábyrgð í fjárfestingum sínum og leggja áherslu á góða stjórnarhætti. Sjóðurinn setti sér stefnu í ábyrgum fjárfestingum sem og hluthafastefnu á árinu 2018 sem rekstraraðili fylgir eftir. Stefna sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar var uppfærð á árinu 2019 og er að finna á heimasiðu sjóðsins.

## MANNRÉTTINDI OG SPILLING

Lifeyrissjóður Rangæinga fylgir lögum og reglum sem um starfsemi hans gilda og styður við og virðir mannréttindi í allri sinni starfsemi. Sjóðurinn gerir ríkar kröfur um að samstarfsaðilar sínir virði mannréttindi, rétt til félagafrelsis, réttindi á vinnumarkaði og bjóða upp á góðan og öruggan aðbúnað á vinnustað. Sjóðurinn hefur sett sér verlagsreglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun fyrirtækja. Til að vinna gegn spillingu og peningaþvætti hefur stjórn sjóðsins til viðbótar sett sér starfsreglur, samskipta- og siðareglur, verlagsreglur um viðskipti stjórnarmanna lifeyrissjóðsins með fjármálagerninga. Rekstraraðili sjóðsins hefur einnig sett sér verlagsreglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun fyrirtækja sem finna má á heimasiðu Arion banka.

## ÁBYRGAR FJÁRFESTINGAR OG HLUTHAFASTEFNA

Stefna sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar tekur til umhverfis- og félagsþáttu í fjárfestingum sjóðsins. Sjóðurinn horfir til alþjóðlegra meginregla Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð (e. UN Global Compact) í fjárfestingum sínum þar sem stefna félaga, með tilliti til fyrrgreindra viðmiða, er skoðuð. Almenn krafa er á þau félög sem sjóðurinn fjárfestir í að þau fari eftir þeim lögum og reglum sem um starfsemi þeirra gilda á þeim stað sem starfsemin fer fram. Hluthafastefna sjóðsins tekur til stjórnarháttu og snertir á þeim kröfum sem sjóðurinn gerir að jafnaði til þeirra félaga sem hann fjárfestir í. Sjóðurinn yfirfer tillögur sem leggja á fyrir hluthafafundi félaga sem falla undir hluthafastefnu hans og tekur afstöðu og metur hvort þær samrýmast hagsmunum sjóðsins.

Eignastýringaraðili sjóðsins, eignastýring fagfjárfesta hjá Arion banka, hefur síðustu tvö ár tekið út ófjárhagslega upplýsingagjöf félaga skráð að aðallista Nasdaq Iceland sem hluta af aðferðafræði við ábyrgar fjárfestingar. Samhlíða úttektinni hafa aðilar innan eignastýringarinnar átt fundi með fulltrúum skráðu félaganna þar sem málefni samfélagsábyrgðar og ófjárhagisegar upplýsingar þeirra hafa verið rædd. Mikilvægur partur af vinnunni hefur verið að fá félögin til að auka og bæta ófjárhagslega upplýsingagjöf og hefur vinnan gefið eignastýringaraðila sjóðsins skýrari sýn á áherslur samfélagsábyrgðar innan félaganna.

Rekstraraðili sjóðsins er jafnframt aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. UN PRI) ásamt sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð (e. UN Global Compact).

# FJÁRFESTINGARSTEFNA LÍFEYRISSJÓÐS RANGÆINGA 2020 - ÚTDRÁTTUR

## FORSENDUR FJÁRFESTINGARSTEFNU

Í 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða kemur fram að stjórn skuli móta og kunngera fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn og ávaxta fé sjóðsins innan þeirra marka sem löginn setja. Fjárfestingarstefnan er sett til lengri tíma en endurskoðuð að minnsta kosti árlega. Lífeyrissjóður skulu senda upplýsingar um fjárfestingarstefnu sína fyrir komandi ár til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 1. desember ár hvert. Fjárfestingarstefnan er birt á heimsíðu sjóðsins. Eignir Lífeyrissjóðs Rangæinga skulu ávaxtaðar í samræmi við lög, einkum VII. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 8. gr. samþykktu sjóðsins og samkvæmt nánari reglugerð fjármála- og efnahagsráuneytisins. Lífeyrissjóður Rangæinga rekur einvörðungu samtryggingadeild, en séreignardeild var sameinuð Lífeyrisauka Arion banka hf. um áramótin 2005–2006.

## FJÁRFESTINGARSTEFNA LÍFEYRISSJÓÐS RANGÆINGA

Skipting verðbréfaeignar Lífeyrissjóðs Rangæinga skal í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu 1. Um nánari skiptingu hlutabréfa og annarra verðbréfa má sjá í töflum 2 og 3. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er, þó að teknu tilliti til hagsmuna sjóðsins.

FLOKKAR VERÐBRÉFA		STEFNA	VIKMÖRK
A	a. Ríkisvíxlar, ríkisskuldbréf og skuldbréf með ábyrgð ríkissjóðs	30%	20-100%
	b. Fasteignaveðtryggð skuldbréf	1%	0-10%
B	a. Skuldbréf bæjar- og sveitarfélaga	3%	0-10%
	b. Innlán	4%	0-15%
C	c. Sértryggð skuldbréf	16%	0-30%
D	a. Skuldarbréf og víxlar lánastofnana og vátr. félaga, undanskilið víkjandi skuldbréf	3%	0-10%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	14%	0-40%
E	a. Skuldbréf og peningamarkaðsskjöl félaga, víkjandi skuldbréf lánast. og vátr.félaga	14%	0-30%
	b. Skuldbréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	2%	0-15%
F	a. Hlutabréf félaga	4%	0-30%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	9%	0-30%
	c. Fasteignir	0%	0-1%
G	a. Afleiður	0%	0-10%
	b. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0%	0-10%
Samtals:		100%	

Tafla 1. Flokkar verðbréfa.

EIGNAFLOKKAR	STEFNA	VIKMÖRK
Skráð innlend hlutabréf	8%	0-15%
Óskráð innlend hlutabréf	2%	0-10%
Erlend hlutabréf	14%	0-25%

Tafla 2. Nánari takmarkanir á hlutabréfaáhættu eftir eðli fjárfestinga.

EIGNAFLOKKAR	STEFNA	VIKMÖRK
Skuldbréf og víxlar lánastofnana og vátryggingarfélaga	20%	0-35%
Víkjandi skuldbréf lánastofnana og vátryggingarfélaga	1%	0-3%
Innlán og skuldbréf í erlendum gjaldmiðli (þ.m.t peningamarkaðs- og skuldbréfasjóða)	5%	0-20%
Erlendar eignir	22%	0-45%
Sérhæfðar erlendar fjárfestingar	3%	0-5%

Tafla 3. Aðrar takmarkanir eftir eðli fjárfestinga.

## STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

Lífeyrissjóður Rangæinga leggur ríka áherslu á góða stjórnarhætti í starfsemi sjóðsins en með góðum stjórnarháttum er stuðlað að góðum og vönduðum vinnubrögðum og tryggt að ákvarðanir séu teknar á faglegum grundvelli. Við móton stjórnarháttta hafa stjórnendur og stjórn sjóðsins litið til og haft til hliðsjónar viðurkennd sjónarmið og leiðbeiningar um góða stjórnarhætti fyrirtækja, eftir því sem við getur átt.

Lífeyrissjóður Rangæinga er með starfsleyfi frá Fjármálaráðuneytinu og starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samþykktu sjóðsins. Í samþykktum kemur fram að sjóðurinn starfar á grundvelli kjarasamnings Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 19. maí 1969 og síðar 12. desember 1995 auk samkomulags sömu aðila frá 24. apríl 2018 um breytingu á eldri samningi frá 1995. Auk framangreindra laga og samninga sem mynda rammann um alla starfsemi lífeyrissjóðsins gilda fjölmög önnur lög, reglugerðir, reglur og önnur stjórnvaldsfyrirmæli um starfsemi lífeyrissjóðsins. Lög, reglugerðir, reglur og leiðbeinandi tilmæli sem varða starfsemi lífeyrissjóðsins er hægt að nálgast á heimasiðu Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is). Hlutverk sjóðsins er að taka við ið gjöldum sjóðfélaga, ávaxta fjármuni sjóðsins með sem bestum hætti með hliðsjón af fjárfestingarstefnu hans og að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri. Jafnframt gegnir sjóðurinn mikilvægu samfélagslegu hlutverki. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í samþykktum sjóðsins kemur fram að ársfundur sjóðsins hafi æðsta vald í málignum sjóðsins nema annað komi fram í samþykktum sjóðsins. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans og stjórn skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórnarmenn og starfsmenn skulu taka ákvarðanir í samræmi við gildandi lög og reglur og sannfæringu sína með þeim hætti að hagsmuna sjóðfélaga sé sem best gætt og að ákvörðunin styðji við tilgang og starfsemi sjóðsins. Stjórn mótar þannig fjárfestingarstefnu í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávoxtun lífeyrissjóða og vörlusaðila séreignarsparnaðar. Fjárfestingastefna kveður á um markmið um ávoxtun og áhættu heildarsafns, leyfilega eignaflokka, viðmiðunarhlutföll og vikmörk eignaflokka og viðmið hvað varðar ávoxtun og áhættu eignaflokka. Helstu viðmið og skorður eru skilgreind og unnið út frá þeim í fjárhagslegri áhættustýringu sjóðsins og skýrslugjöf.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundi með málfrelsi og tillögurétt. Innan lífeyrissjóðsins starfar fulltrúaráð að jöfnu skipað fulltrúum samtaka launamanna og atvinnurekenda sem að sjóðnum standa. Aðildarsamtök sjóðsins tilnefna fulltrúa sína í fulltrúaráð lífeyrissjóðsins og fara með atkvæði á ársfundi og öðrum fulltrúafundum sjóðsins í umboði aðildarsamtakanna og í samræmi við ákvæði samþykktu lífeyrissjóðsins. Samþykktir sjóðsins auk annarra upplýsinga er varða skipulag s.s. starfsreglur stjórnar og endurskoðunarnefndar, samskipta- og síðareglur, persónuverndarstefna, stefna um ábyrgar fjárfestingar og hluthafastefna hans eru aðgengilegar á heimasiðu sjóðsins, [www.lifrang.is](http://www.lifrang.is).

Arion banki annast daglegan rekstur sjóðsins samkvæmt rekstrarsamningi sem stjórn sjóðsins og bankinn gera þar að lútandi. Stjórn hefur sett sér starfsreglur. Í reglunum kemur fram að rekstraraðili sjóðsins tilnefni einn af starfsmönnum sínum til að hafa með höndum starf framkvæmdastjóra sjóðsins. Tilnefning framkvæmdastjóra er háð samþykki stjórnar sjóðsins og skal stjórn setja honum starfsreglur. Í starfsreglum framkvæmdarstjóra koma fram reglur um upplýsingajöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinning og ráðstöfun eigna sjóðsins. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Pröstur Sigurðsson.

Stjórn sjóðsins hefur skilgreint skipulag innra eftirlits þar sem meginatriði innra eftirlits sjóðsins koma fram, sbr. 8. tl. 29. gr. laga nr. 129/1997. Innri endurskoðandi sjóðsins er Arion banki hf. og ytri endurskoðandi er Deloitte ehf.

Stjórn hefur sett sjóðnum áhættustefnu og áhættustýringarstefnu í samræmi við lagafyrirmæli, reglugerðir og stefnumótun sjóðsins. Stefnurnar byggja á skilgreiningu á áhættustýringu sem felst í því að móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, meta, vakta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins. Markmið með áhættustefnu og áhættustýringarstefnu er að auka öryggi í rekstri sjóðsins, að stefnurnar og framkvæmd þeirra sé virkur þáttur í starfseminni og við töku ákvarðana. Áhættustjóri sjóðsins ber ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu. Áhættustjóri starfar innan Áhættustýringar Arion banka hf. en er að öðru leyti óháður öðrum starfseinum er þjónusta sjóðinn. Áhættustjóri sjóðsins hefur milliliðalausan aðgang að stjórn og öfugt. Áhættustjóri tekur saman og gefur út áhættuskýrslur fyrir sjóðinn sem lagðar eru fyrir stjórn ársfjórðungslega. Markmiðið með skýrslunum er að stjórn og þeir sem starfa við rekstur og eignastýringu sjóðsins séu meðvitaðir um áhættu sjóðsins og gefist þannig betri kostur á því að bregðast við ef áhættu fer út fyrir ásættanleg mörk. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð að eigið áhættumat sjóðsins sé framkvæmt. Eigið áhættumat skal framkvæmt árlega og skulu áhættustjóri og framkvæmdastjóri leggja fram tillögu um áhersluatriði hverju sinni. Eigið áhættumat sjóðsins speglast inn í áhættuskýrslur, áhættu- og áhættustýringarstefnu auk fjárfestingastefnu. Innri endurskoðun kannar og metur hvort starfsemi sjóðsins sé í samræmi við setta áhættustefnu og áhættustýringarstefnu. Endurskoðunarnefnd metur skilvirkni og fyrirkomulag áhættustýringar. Regluleg skýrsluskil eru mikilvægur þáttur í eftirliti með lykileiningum starfsseminnar.

## STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

---

Stjórn sjóðsins samanstendur af fjórum stjórnarmönnum auk varamanna. Tveir stjórnarmenn og varamaður þeirra eru skipaðir af Samtökum atvinnulífsins. Tveir stjórnarmenn og varamaður eru kosnr af launþegum á ársfundi sjóðsins. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra. Aðalmenn í stjórn sjóðsins eru Eyðís Þ. Indriðadóttir, Guðrún Elín Pálsdóttir, Heimir Hafsteinsson og Óskar Pálsson. Stjórn skal sjá um að skipulag sjóðsins og starfsemi séu jafnan í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur sem gilda um sjóðinn. Hlutverk stjórnar er skilgreint í samþykktum og starfsreglum sem stjórn hefur sett sér og er að auki bundið í lögum. Stjórn hefur skipað endurskoðunarefnd og eru nefndarmenn Óskar Pálsson, formaður, Guðmundur Einarsson og Árni Þorgilsson. Stjórn hefur sett nefndinni starfsreglur þar sem kemur m.a. fram markmið, heimildir, skipulag, fundarstörf, hlutverk og ábyrgð.

## ÚTREIKNINGUR KENNITALNA

**2019**

### Tryggingadeild

Fjárfestingartekjur nettó (þ.e. fjárfestingartekjur - fjárfestingargjöld) .....	F	1.378.794
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (þ.e. rekstrarkostnaður) .....	K	36.741
Hrein eign til greiðslu lífeyris í ársbyrjun .....	A	12.390.194
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok .....	B	14.276.543

$$i = 2(F-K)/(A+B-(F-K))$$

$$i = \text{nafnávöxtun} = ..... \quad 10,60\%$$

Vísitala neysluverðs til verðtryggingar 1. janúar 2019 .....	460,5
Vísitala neysluverðs til verðtryggingar 1. janúar 2020 .....	472,8
j = breyting á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar = .....	2,7%

$$r = ((1+i)/(1+j))-1$$

$$r = \text{hrein raunávöxtun} = ..... \quad 7,72\%$$

Hrein raunávöxtun .....	2018	2,56%
Hrein raunávöxtun .....	2017	5,71%
Hrein raunávöxtun .....	2016	0,07%
Hrein raunávöxtun .....	2015	8,76%
Hrein raunávöxtun .....	2014	3,29%
Hrein raunávöxtun .....	2013	2,66%
Hrein raunávöxtun .....	2012	5,30%
Hrein raunávöxtun .....	2011	3,20%
Hrein raunávöxtun .....	2010	9,30%
Hrein raunávöxtun .....	2009	-2,00%
Hrein raunávöxtun .....	2008	-12,25%
Hrein raunávöxtun .....	2007	1,00%
Hrein raunávöxtun .....	2006	6,80%
Hrein raunávöxtun .....	2005	5,50%
Hrein raunávöxtun .....	2004	4,80%
Hrein raunávöxtun .....	2003	6,70%
Hrein raunávöxtun .....	2002	3,80%

$$\text{Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar} ..... \quad 2019 \quad 4,91\%$$

Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar .....	2018	4,03%
Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar .....	2017	4,05%
Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar .....	2016	3,97%
Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar .....	2015	4,62%
Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar .....	2014	4,72%
Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar .....	2013	3,63%
Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar .....	2012	0,42%

$$\text{Tíu ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar} ..... \quad 2019 \quad 4,82\%$$

## Hluthafastefna

---

### Gildissvið

Lífeyrissjóður Rangæinga hefur að leiðarljósi við fjárfestingar að hámarka ávoxtun til langs tíma litið að teknu tilliti til áhættu. Sjóðurinn leggur áherslu á síðferðisleg gildi við fjárfestingarákvoranir sínar og er meðvitaður um þá staðreynnd að fjárfestingarákvoranir hans hafa áhrif á ólika hagsmunaaðila og samfélagið í heild sinni.

Hluthafastefna sjóðsins á fyrst og fremst við um skráðar innlendar fjárfestingar þar sem sjóðurinn fer með verulegan eignarhlut, þ.e. þar sem sjóðurinn á 5% eða hærri beinan eignarhlut í einstöku félagi, þar sem sjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa félags, eða þar sem eignarhlutur er 1% eða meira af heildareignum lífeyrissjóðsins.

Markmið hluthafastefnu þessarar er að skilgreina þær kröfur sem sjóðurinn gerir að jafnaði til þeirra félaga sem hann fjárfestir í ásamt því að auka gagnsæi sjóðsins sem hluthafi og stuðla að trúverðugri aðkomu lífeyrissjóðsins að viðkomandi félögum.

Rekstur Lífeyrissjóðs Rangæinga er í höndum Arion banka skv. sérstökum rekstrarsamningi sem stjórn sjóðsins hefur gert við bankann og sinna því starfsmenn hans rekstri og eignastýringu sjóðsins.

### Samkeppnissjónarmið

Lífeyrissjóður Rangæinga leggur áherslu á að félög sem sjóðurinn á eignarhluti í eigi að jafnaði í virkri samkeppni á viðkomandi markaði. Sjóðurinn gerir sér grein fyrir að eignarhald á verulegum hlutum í félögum á sama markaði kallar á sérstaka aðgæslu af hálfu sjóðsins.

Sjóðurinn styður ekki framboð sama stjórnarmanns til stjórnarsetu í stjórn tveggja félaga á sama markaði. Til viðbótar koma fram frekari kröfur hér fyrir neðan er varða stjórnarkjör og samskipti við stjórn og og stjórnendur þeirra félaga sem falla undir stefnu þessa.

### Hluthafundir

Lífeyrissjóðurinn yfirfer tillögur sem leggja á fyrir hluthafundi félaga sem falla undir stefnu þessa, tekur afstöðu til þeirra og metur hvort þær samrýmast hagsmunum lífeyrissjóðsins. Almennt munu tillögur stjórnar vera studdar að því gefnu að þær teljist vera til hagsbóta fyrir viðkomandi félag og í samræmi við stefnu þessa.

Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins fer með atkvæði sjóðsins á hluthafundum félaga sem falla undir stefnu þessa nema stjórn sjóðsins ákveði annað. Framkvæmdastjóri hefur heimild til að veita öðrum aðila umboð til að fara með atkvæðisrétt sjóðsins og gefur honum jafnframt upplýsingar um hvernig fara eigi með atkvæði sjóðsins á hluthafundi.

Sjóðurinn mun gera aðgengilegar upplýsingar um hvernig sjóðurinn greiddi atkvæði á hluthafundum þeirra félaga sem falla undir stefnu þessa og eru skráð á hlutabréfamarkaði.

### Val og kröfur til stjórnarmanna

Ákveði Lífeyrissjóður Rangæinga að leggja fram tillögu um stjórnarmenn fyrir hluthafund þar sem kosning stjórnar fer fram, mun stjórn sjóðsins taka ákvörðun um hvaða einstaklinga sjóðurinn styðji til stjórnarsetu í viðkomandi félagi. Slíkt val byggir á faglegu ferli þar sem horft er m.a. til þekkingar og reynslu einstaklinga ásamt samsetningu stjórnar hjá viðkomandi félagi.

Stjórnarmenn Lífeyrissjóðs Rangæinga og starfsmenn rekstraraðila sem þjónusta sjóðinn taka að jafnaði ekki sæti í stjórnnum félaga í umboði lífeyrissjóðsins.

Lífeyrissjóðurinn gerir kröfu um að stjórnarmenn í félögum sem falla undir stefnu þessa starfi í samræmi við góða stjórnarhætti, séu sjálfstæðir í störfum sínum og hafa ætið hagsmuni viðkomandi félags að leiðarljósi.

Lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á að stjórn félaga sem falla undir stefnu þessa starfi í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja og gæti að því að jafnvægi sé á milli langtímahagsmunu félagsins og að hámarka virði þess.

## Hluthafastefna

---

### Samskipti við stjórnarmenn og stjórnendur

Lífeyrissjóður Rangæinga leggur áherslu á sjálfstæði stjórnarmanna sé virt sem og þagnar- og trúnaðarskylda sem á þeim hvíllir.

Ef lífeyrissjóðurinn þarf að eiga samskipti við stjórn og/eða stjórnendur félags skal það gert í samræmi við verklagsreglur viðkomandi félags. Gæta þarf að slik samskipti séu í samræmi við ákvæði samkeppnislaga og reglur um meðferð innherjaupplýsinga.

Telji sjóðurinn ástæðu til að gera athugasemdir við verklag félags sem fellur undir stefnu þessa mun hann koma ábendingum þar um á framfæri þess efnis. Sé ekki brugðist við slíkum ábendingum kann sjóðurinn að gera grein fyrir afstöðu sinni á hluthafafundi eða með öðrum hætti.

### Starfskjör

Við ákvörðun um starfskjör starfsmanna og stjórnarmanna þeirra félaga sem falla undir stefnu þessa á að gæta hófs og líta m.a. til stærðar og umfangs félagsins svo og þeirra starfskjara sem ætla má að bjóðist almennt á þeim markaði sem viðkomandi félag starfar á.

Sjóðurinn gerir þá kröfu að starfskjarástefna félaga uppfylli kröfur hlutafélagalaga og taki mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

## Stefna um ábyrgar fjárfestingar

---

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjófélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lifeyri samkvæmt gildandi lögum og samþykktum. Sjóðurinn hefur það að markmiði að hámarka ávöxtun á eignum sjófélaga til lengri tíma litið að teknu tilliti til áhættu og hámarka þannig lifeyrisréttindi þeirra að lokinni starfsævi. Sjóðurinn leggur áherslu á málefni umhverfis-, félags- og stjórnarháttar við fjárfestingarákvarðanir sínar og er meðvitaður um þá staðreynd að þær ákvarðanir hafa áhrif á ólika hagaðila og samfélagið í heild.

Með ábyrgum fjárfestingum er átt við fjárfestingar sem auk þess að taka tillit til áhættu og ávöxtunar taka tillit til umhverfis-, félags- og stjórnarháttar. Stefna þessi markar stefnu Lifeyrissjóðs Rangæinga um síðferðileg viðmið í fjárfestingum sem lifeyrissjóðum ber að setja sér samkvæmt 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lifeyrisréttinda og starfsemi lifeyrissjóða. Varðandi gildissvið stefnu þessarar og stefnu sjóðsins í stjórnarháttum vísast til hluthafastefnu sjóðsins.

### Gildissvið

Stefna Lifeyrissjóðs Rangæinga um ábyrgar fjárfestingar nær til allra fjárfestingar sjóðsins, en áherslurnar eru fyrst og fremst á innlendar fjárfestingar sjóðsins í skráðum félögum þar sem hann fer með 5% eða hærri beinan eignarhlut í einstöku félagi, þar sem sjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa félags eða þar sem eignarhlutur er 1% eða hærri af heildareignum lifeyrissjóðsins.

### Viðmið

Almennt horfir Lifeyrissjóður Rangæinga til lengri tíma í fjárfestingum sínum. Það er í samræmi við langtímaskuldbindingar sjóðsins sem fara saman við langtímasjónarmið um ábyrga og sjálfbæra viðskiptahætti í félögum sem hann fjárfestir í. Stefna þessa hefur sjóðurinn til hliðsjónar við einstakar fjárfestingarákvarðanir, eftirfylgni þeirra og við mótnun fjárfestingarstefnu sína.

Almennt gerir sjóðurinn kröfu um að félög sem sjóðurinn fjárfestir í fari eftir þeim lögum og reglum sem um starfsemi þeirra gilda á þeim stað sem starfsemin fer fram. Einnig horfir sjóðurinn til alþjóðlegra meginreglna Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð, betur þekkt sem UN Global Compact, í fjárfestingum sínum.

### Aðferðir og framkvæmd

Við mat á fjárfestingum sem falla undir stefnu þessa fylgir sjóðurinn eftir stefnunni með því að kanna stefnu félaga með tilliti til fyrrtílgreindra viðmiða.

Almennt eru erlendar fjárfestingar sjóðsins í verðbréfasjóðum frekar en einstökum erlendum félögum. Við mat á rekstraraðila sjóða gerir sjóðurinn kröfu um að stefna þeirra í ábyrgum fjárfestingum sé könnuð og niðurstöðurnar lagðar til grundvallar heildarmats við fjárfestingarákvörðun, þannig þarf stefna rekstraraðila um stefnu í ábyrgum fjárfestingum ekki að vera skilyrði fyrir fjárfestingu heldur hluti af heildarmati hennar.

Komi í ljós að félag sem fellur undir stefnu þessa verði uppvist að fráviki á grundvelli fyrrtílgreindra viðmiða mun sjóðurinn beita sér fyrir því að félagið ráðist í viðeigandi úrbætur. Bregðist félagið ekki við umleitunum sjóðsins kann það að leiða til sölu sjóðsins á eignum í umræddu félagi. Við slíka ákvörðun er þó ávalt gætt ýtrstu varfæri þar sem heildarhagsmunir sjóðsins og sjófélaga eru hafðir að leiðarljósi.

